# Vindorkugarður
# á Hólaheiði í Núpasveit

## áhrif á ferðaþjónustu og útivist



RANNSÓKNIR & RÁÐGJÖF
FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

**Ljósmyndir:** Jóhann Óli Hilmarsson (mynd af lómi á bls. 2) og Rögnvaldur Guðmundsson (aðrar myndir).

**Kápumynd:** Séð frá Hringsbjargi á Tjörnesi austur yfir Öxarfjörð, þar sem vindmyllur á Hólaheiði gætu sést.

# Vindorkugarður
# á Hólaheiði í Núpasveit
## áhrif á ferðaþjónustu og útivist



*Séð yfir hluta mögulegs  framkvæmdasvæðis á  Hólaheiði. Horft til suðurs frá Norðausturvegi.*

**Greinargerð fyrir Qair Iceland**

Qair Iceland

**Janúar 2023**

**Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson**

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf

Erluhrauni 4, 220 Hafnarfirði

rognvaldur@rrf.is

# Efnisyfirlit


**1.0 Helstu niðurstöður 1**

1.1 Ferðamenn í Þingeyjarsýslur og á norðausturhornið 1
1.2 Nýting svæðisins til útivistar og afþreyingar 2
1.3 Samanburður á afstöðu ferðaþjónustu-og útvistaraðila á svæðinu og ferðamanna til vindorkugarða 3
1.4 Samanburður á afstöðu ferðaþjónustu-og útvistaraðila á svæðinu og ferðamanna til vindorkugarðs á Hólaheiði 6
1.5 Nánar um afstöðu ferðaþjónustu- og útivistaraðila á svæðinu til vindorkugarðs á Hólaheiði 7
1.6 Mat á áhrifum framkvæmda á útivist og ferðaþjónustu 9

**2.0 Inngangur 11**

2.1 Verkefnið 11
2.2 Kannanir sem stuðst er við og framkvæmd þeirra 11
2.3 Úrvinnsla 12

**3.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi 2010-2019 13**

**4.0 Ferðamenn, þróun umferðar, ferðaþjónustu og íbúafjölda á svæðinu 2010-2019 16**

4.1 Erlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum, Ásbyrgi og á NA-horninu 16
4.2 Innlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum, Ásbyrgi og á NA-horninu 20
4.3 Allir ferðamenn í Þingeyjarsýslum, Ásbyrgi og á NA-horninu 21
4.4 Þróun umferðar 22
4.5 Þróun ferðaþjónustu og ferðaleiða 23
4.6 Mannfjöldaþróun 26

**5.0 Könnun meðal aðila í ferðaþjónustu og útivist 2022 27**

5.1 Framkvæmd og þátttakendur 27
5.2 Útivist í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis 28
5.3 Afstaða til fullyrðinga um vindorkugarð á Hólaheiði 29
5.4 Áhrif vindorkugarðs á ferðaþjónustu, útivist og samfélag 31
5.5 Afstaða til fullyrðinga um vindorkugarða 32
5.6 Sjónræn áhrif vindorkugarðs 33
5.7 Áhrif vindorkugarðs á upplifun af nágrenninu 33
5.8 Áhrif vindorkugarðs á starfsemi í ferðaþjónustu og útivist 34
5.9 Áhrif vindorkugarðs á ferðir um svæðið 35
5.10 Afstaða til vindorkugarðs á Hólaheiði 35
5.11 Svæði á Íslandi sem henta best fyrir vindorkugarða 36
5.12 Afstaða til landslags í nágrenni framkvæmdasvæðis 37
5.13 Afstaða til nýtingar orkugjafa á Íslandi 37
5.14 Ábendingar varðandi vindorkugarð á Hólaheiði 38

**6.0 Könnun meðal ferðamanna sumar 2022 39**

6.1 Kyn, aldurshópar, menntun og búseta 39
6.2 Föruneyti, ferðamáti og farartæki 40
6.3 Dvöl á Íslandi og á svæðinu 41
6.4 Staðir sem heimsóttir voru 41
6.5 Afþreying 43
6.6 Afstaða til fullyrðinga um vindorkugarða 43
6.7 Sjónræn áhrif vindorkugarðs 45
6.8 Áhrif vindorkugarðs á upplifun af nágrenninu 45
6.9 Áhrif vindorkugarðs á ferðir um svæðið 46
6.10 Reynsla erlendra ferðamanna af nábýli við vindmyllur 46
6.11 Svæði á Íslandi sem henta best fyrir vindorkugarða 47
6.12 Afstaða til landslags í nágrenni framkvæmdasvæðis 48
6.13 Afstaða til nýtingar orkugjafa á Íslandi 49
6.14 Ábendingar varðandi vindorkugarð á Hólaheiði 50


**Viðaukar**


Viðauki 1 Könnun: ferðaþjónustu- og útivistaraðilar, hópar og félög
Viðauki 2 Könnun: innlendir ferðamenn
Viðauki 3 Könnun: erlendir ferðamenn (enska)
Viðauki 4 Fræðlegur sýnileiki vindorkugarðs á Hólaheiði
Viðauki 5 Fjórar líkanmyndir: fyrir - eftir

# 1.0 Helstu niðurstöður

## 1.1 Ferðamenn í Þingeyjarsýslur og á norðausturhornið




**Þingeyjarsýslur**

Kort: Markaðsstofa Norðurlands

Áætlað er að 143 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Þingeyjarsýslur árið 2010 en 526 þúsund árið 2019, sem er 3,7 földun (6,5% fækkun frá 2018). Þetta þýðir að 27% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2019 komu þangað en 29% árið 2010. Því er áætlað að hlutur Þingeyjarsýsla af gestum til Íslands hafi dregist saman um 8% á tímabilinu. Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum í Þingeyjarsýslur hafi fjölgað úr 127 þúsund árið 2010 í 308 þúsund árið 2019, eða 2,4 falt Hins vegar fjölgaði erlendum gestum þar utan sumars mikið meira á sama árabili, úr 16 þúsund í um 218 þúsund, eða 14 falt. Erlendar gistinætur í Þingeyjarsýslum eru áætlaðar 507 þúsund árið 2019, um 4% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár (6% fækkun frá 2018).

Áætlað er að 43 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um norðausturhorn Norðurlands árið 2019 (svipað margir og 2018), þ.e. að Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn eða Bakkafirði, en 14 þúsund árið 2010. Samkvæmt því fjölgaði þeim 3,2 falt frá 2010 til 2019. Þetta þýðir einnig að 2,2% af ferðamönnum til Íslands árið 2019 komu á norðaustursvæðið en um 2,8% þeirra árið 2010.

Samkvæmt könnunum sem *Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar* (RRF) hafa framkvæmt komu 37% landsmanna í Þingeyjarsýslur árið 2010 og árið 2019 er áætlað að um 35% þeirra hafi komið í sýslurnar. Þannig má áætla að um 110 þúsund innlendir ferðamenn hafi komið í Þingeyjarsýslur 2010 og um 120 þúsund árið 2019. Gistinætur þeirra í Þingeyjarsýslum eru áætlaðar um 220 þúsund árið 2010 og 240 þúsund árið 2019. Samkvæmt því voru 22% af gistinóttum innlendra ferðamanna á Norðurlandi árið 2019 í Þingeyjarsýslum.

3,0-4,5% innlendra gesta lögðu leið sína í þorpin á norðausturhorninu á árabilinu 2010 til 2019, þ.e. að Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn. Þá komi 6-7% á einhvern þessara staða, eða 18-20% þeirra sem komu í Þingeyjarsýslur. Þannig má áætla að 20-22 þúsund innlendir ferðamenn hafi lagt leið sína um norðausturhornið árið 2019. Ennfremur að um 18 þúsund innlendir gestir hafi komið á norðausturhornið árið 2010.

Alls er því áætlað að um 65 þúsund ferðamenn hafi komið á norðausturhornið árið 2019, um tvöfalt fleiri en árið 2010, þegar þeir voru áætlaðir um 32 þúsund. Nær öll fjölgunin var meðal erlendra ferðamanna.

## 1.2 Nýting svæðisins til útivistar og afþreyingar

Aðilar í ferðaþjónustu og útivist á svæðinu nýttu Hólaheiði og nágrenni (20 km radíus) talsvert til útivistar; 56% mjög eða fremur oft að sumarlagi en 28% utan sumars. Hins vegar notuðu 44% svæðið sjaldan eða aldrei að sumri og 72% lítið eða ekki utan sumars. Flestir sem nýttu svæðið, 47% þeirra, fóru í gönguferðir, 43% stunduðu fuglaskoðun og 23% útreiðar, 20% stangveiði, 17% skotveiði, 13% snjósleðaferðir og 6% skíðagöngu.



*Styttri gönguferðir voru algengasta afþreying jafnt ferðamanna sem ferðaþjónustuaðila.*

Verulegur munur var á afþreyingu erlendra og innlendra ferðamanna á svæðinu frá Húsavík að Þórshöfn. Flestir erlendu gestanna, eða 75%, fóru í styttri gönguferðir og 63% stunduðu ljósmyndun, 46% fóru í hvalaskoðun, 42% skoðuðu jarðmyndanir, 40% skoðuðu fugla, 38% fóru í sund/böð og 26% í fjöruferð. Þeir fóru einnig frekar en landsmenn í hestaferð (8%). Um 70% Íslendingar fóru í styttri gönguferðir, 55% í sund/böð og 24% tóku myndir. Fáir þeirra fóru í hvalaskoðun (4%) eða skoðuðu jarðmyndanir (4%). Þeir fóru fremur í stangveiði (7%) en erlendu gestirnir (2%).



*Lómur er talsvert algengur á norðausturhorninu og fuglaskoðun er vinsæl meðal erlendra ferðamanna á Íslandi.*

## 1.3 Samanburður á afstöðu ferðaþjónustu- og útivistaraðila á svæðinu og ferðamanna til vindorkugarða



*Frá Kópaskeri*

Umtalsverður munur var oftast á afstöðu ferðaþjónustu- og útivistaraðila á svæðinu annars vegar og ferðamanna, erlendra og innlendra, hins vegar til eftirfarandi níu fullyrðinga um vindorkugarða:

- *Vindorkugarðar eru umhverfisvæn leið til að framleiða raforku.*
- *Möguleg áhrif vindorkugarða á fuglalíf valda mér áhyggjum.*
- *Rétt staðsettir vindorkugarðar eyðileggja náttúruna ekki.*
- *Vindorkugarðar spilla landslaginu.*
- *Möguleg hljóð frá vindorkugörðum valda mér áhyggjum.*
- *Vindorkugarðar eru óaðlaðandi.*
- *Nálægð vindorkugarða hefur engin áhrif á mig.*
- *Ég forðast að ferðast um svæði þar sem eru vindorkugarðar.*
- *Vindorkugarðar geta bætt náttúrulegt landslag.*

Meirihluti svarenda í öllum þremur hópunum var sammála fyrstu fullyrðingunni hér að ofan; um að vindorkugarðar væru umhverfisvæn leið til að framleiða raforku. Ennfremur var meirihluti allra hópanna ósammála síðustu fullyrðingunni; um að vindorkugarðar gætu bætt náttúrulegt landslag. Um þessar tvær fullyrðingar var því þokkalegur samhljómur.

69% ferðaþjónustu- og útivistaraðila á svæðinu höfðu áhyggjur af áhrifum vindorkugarða á fuglalíf, 50% erlendra ferðamanna einnig og 39% innlendra ferðamanna. Er það því sú fullyrðing sem næst flestir voru sammála um í heildina tekið. Nær helmingur innlendra ferðamanna var hlutlaus til málsins, 26% erlendra gesta og 19% heimamanna í ferðaþjónustu og útivist. 12-24% svarenda í hópunum höfðu hins vegar ekki áhyggjur af fuglalífinu. Muninn á erlendum og innlendum ferðamönnum má e.t.v. líta í því ljósi að erlendir ferðamenn skoða mun frekar fugla í

ferðum sínum hér en Íslendingar á ferðalagi um landið og virðast almennt hafa meiri áhuga á þeim en landsmenn, sem eru í meira mæli hlutlausir í afstöðu sinni.

Í þriðja sæti yfir fullyrðingar sem mun fleiri voru sammála  en ósammála er sú að rétt staðsettir vindorkugarðar eyðileggi náttúruna ekki. Þannig voru 43% heimamanna í ferðaþjónustu og útivist sammála henni, 21% hlutlausir en 36% ósammála. Hins vegar voru 60-65% ferðamanna sammála fullyrðingunni, 17-18% hlutlausir en 17-23% ósammála. Munurinn skýrist mögulega af því að heimamenn í ferðaþjónustu og útivist voru með áformaðan vindorkugarð á Hólaheiði á bak við eyrað þegar þeir svöruðu, þó ekki sé hægt að fullyrða um slíkt.



*Rekaviður á norðanverðri Melrakkasléttu.*

Mikill meirihluti ferðaþjónustu- og útivistaraðila á svæðinu, eða 76%, voru sammála því vindorku-garðar spilltu landslaginu í nágrenni við sig, 9% voru hlutlausir en 15% ósammála. Hins vegar voru skoðanir miklu skiptari meðal ferðamanna. Þannig voru 32% erlendra ferðamanna sammála fullyrðingunni, 25% hlutlausir en 43% ósammála. Meðal innlendra ferðamanna var sama hlutfall sammála og ósammála fullyrðingunni, eða 38%, en 24% hlutlausir. Aftur má búast við að umræðan um vindorkugarð á Hólaheiði hafi hér einhver áhrif á afstöðu heimamanna í ferðaþjónustu og útivist.

Svipuðu máli gegnir um afstöðu hópanna til fullyrðingarinnar *„Möguleg hljóð frá vindorkugörðum valda mér áhyggjum"* sem 66% ferðaþjónustu- og útivistaraðila á svæðinu voru sammála, 28% hlutlausir til en 6% ósammála.  Fullyrðingunni voru hins vegar 27-32% ferðamanna sammála, 30-38% hlutlausir til en 35-39% ósammála.

53% ferðaþjónustu- og útivistaraðila voru sammála því að vindorkugarðar væru óaðlaðandi, 19% hlutlausir en 28% ósammála. Þá voru 38% erlendra ferðamanna sammála fullyrðingunni, 37% hlutlausir en 25% ósammála. Meðal innlendra ferðamanna var svipað hlutfall sammála og ósammála fullyrðingunni, eða 35-37%, en 28% hlutlausir.

Þá voru 15% ferðaþjónustu- og útivistaraðila sammála því  að vindorkugarðar hefðu engin áhrif á þá, 21% voru hlutlausir en 64% ósammála því. Hins vegar voru mun fleiri ferðamenn sammála fullyrðingunni (46-48%) en ósammála henni (23-30%) og  24-29% hlutlausir.

41% ferðaþjónustu- og útivistaraðila voru sammála fullyrðingunni *„Ég forðast að ferðast um svæði þar sem eru vindorkugarðar"*, 28% voru hlutlausir en 31% ósammála henni. Hins vegar voru 9-11% ferðamanna sammála þessari fullyrðingu, 26-29% hlutlausir en 62-63% ósammála. Miðað við þá niðurstöðu eru vindorkugarðar ekki líklegir til að fæla nema lítinn hluta ferðamanna í könnuninni frá því að fara um svæði þar sem þeir eru staðsettir.

Sjá nánar á mynd 1.1.

**Mynd 1.1** **Afstaða til fullyrðinga um vindorkugarða**




| Fullyrðing | Hópur | Mjög sammála | Fremur sammála | Hlutlaus | Fremur ósammála | Mjög ósammála |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vindorkugarðar eru umhverfisvæn leið til að framleiða raforku | Ferðaþj- & útivistaraðilar | 34 | 22 | 16 | 19 | 9 |
| | Erlendir ferðamenn | 53 | 35 | 6 | 4 | 2 |
| | Innlendir ferðamenn | 44 | 33 | 15 | 3 | 5 |
| Möguleg áhrif á fuglalíf valda mér áhyggjum | Ferðaþj- & útivistaraðilar | 53 | 16 | 19 | 12 | |
| | Erlendir ferðamenn | 21 | 29 | 26 | 18 | 6 |
| | Innlendir ferðamenn | 23 | 16 | 42 | 11 | 8 |
| Rétt staðsettir vindorkugarðar skaða náttúruna ekki | Ferðaþj- & útivistaraðilar | 15 | 28 | 21 | 18 | 18 |
| | Erlendir ferðamenn | 17 | 43 | 17 | 20 | 3 |
| | Innlendir ferðamenn | 35 | 30 | 18 | 8 | 9 |
| Vindorkugarðar spilla landslaginu | Ferðaþj- & útivistaraðilar | 46 | 30 | 9 | 9 | 6 |
| | Erlendir ferðamenn | 7 | 25 | 25 | 33 | 10 |
| | Innlendir ferðamenn | 17 | 21 | 24 | 17 | 21 |
| Möguleg hljóð frá vindorkugörðum valda mér áhyggjum | Ferðaþj- & útivistaraðilar | 31 | 35 | 28 | 3 | 3 |
| | Erlendir ferðamenn | 4 | 28 | 30 | 29 | 9 |
| | Innlendir ferðamenn | 12 | 15 | 38 | 15 | 20 |
| Vindorkugarðar eru óaðlaðandi | Ferðaþj- & útivistaraðilar | 41 | 12 | 19 | 22 | 6 |
| | Erlendir ferðamenn | 6 | 32 | 37 | 18 | 7 |
| | Innlendir ferðamenn | 15 | 22 | 28 | 14 | 21 |
| Nálægð vindorkugarða hefur engin áhrif á mig | Ferðaþj- & útivistaraðilar | 6 | 9 | 21 | 33 | 31 |
| | Erlendir ferðamenn | 14 | 32 | 24 | 25 | 5 |
| | Innlendir ferðamenn | 28 | 20 | 29 | 12 | 11 |
| Ég forðast að ferðast um svæði þar sem eru vindorkugarðar | Ferðaþj- & útivistaraðilar | 19 | 22 | 28 | 12 | 19 |
| | Erlendir ferðamenn | 2 | 9 | 26 | 33 | 30 |
| | Innlendir ferðamenn | 5 | 4 | 29 | 18 | 44 |
| Vindorkugarðar geta bætt náttúrulegt landslag | Ferðaþj- & útivistaraðilar | | | 19 | 16 | 65 |
| | Erlendir ferðamenn | 2 | 4 | 31 | 40 | 23 |
| | Innlendir ferðamenn | 7 | 8 | 33 | 31 | 21 |

## 1.4 Samanburður á afstöðu ferðaþjónustu- og útivistaraðila á svæðinu og ferðamanna til vindorkugarðs á Hólaheiði

Umtalsverður munur var á afstöðu ferðaþjónustu-og útvistaraðila á svæðinu annars vegar og ferðamanna hins vegar á ætluðum sjónrænum áhrifum vindorkugarðsins á svæðinu (allt að 45 km radíus) og áhrifum hans á upplifun af nágrenninu (allt að 20 km radíus).

Þannig töldu 88% ferðaþjónustu- og útivistaraðila  að sjónræn áhrif af vindorkugarði á Hólaheiði yrðu mikil á svæðinu en 12% að þau yrðu lítið. Hins vegar álitu 58% erlenda og innlendra ferðamanna að sjónræn áhrif garðsins yrðu mikili, 34-37% að þau yrðu lítil og 5-9% að þau yrðu engin.

**Mynd 1.2 Ætluð sjónræn áhrif vindorkugarðs á Hólaheiði á svæðinu**




Jafnframt töldu 77% ferðaþjónustu- og útivistaraðila á svæðinu að vindorkugarður á Hólaheiði myndi hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra af nágrenni hans, 13% að áhrifin yrðu engin og 10% að þau yrðu jákvæð. Um helmingur erlendra sem innlendra ferðamanna álitu að vindorkugarðurinn myndi engin áhrif hafa á upplifun þeirra. Þá töldu 36% erlendra ferðamanna og 27% innlendra að áhrifin yrðu neikvæð og 17-21% að áhrif vindorkugarðsins á upplifun þeirra yrði jákvæð.

**Mynd 1.3 Ætluð áhrif  vindorkugarðs á Hólaheiði á upplifun af nágrenninu**




25% ferðaþjónustu- og útivistaraðila á svæðinu töldu að þeir myndu síður fara um svæðið  ef vindorkugarður á Hólaheiði yrði að veruleika, 72% að hann myndi engin áhrif hafa á ferðir þeirra og 3% að þau færu frekar. 17% erlendra ferðamanna  álitu að þeir myndu síður fara um svæðið ef vindorkugarðurinn risi, 77% að þeir kæmu eins og áður og 6% að þeir myndu frekar koma. 3% innlendra ferðamanna töldu að þeir myndu síður fara um svæðið ef vindorkugarðurinn kæmi, 90% að hann hefði engin áhrif á ferðir þeirra og 6% að þeir myndu frekar koma.

**Mynd 1.4 Ætluð áhrif vindorkugarðs á Hólaheiði á ferðir um svæðið**




Í skriflegum athugasemdum og ábendingum aðila í ferðaþjónustu- og útivist á svæðinu sést að andstaða meirihluta þeirra við vindorkugarð á Hólaheiði stafar einkum af því að þeir telja að hann muni spilla eða gera að engu áherslur í markaðssetningu svæðisins sem óspillts og kyrrláts víðernis. Þá nefndu nokkrir að garðurinn myndi ekki gagnast heimamönnum nema til skamms tíma meðan á framkvæmdum stæði. Þá óttuðust sumir að verkefnið myndi hafa neikvæð áhrif á samskipti og samstöðu íbúanna í samfélagi sem er viðkvæmt fyrir (sjá nánar á bls. 34).

Erlendir ferðamenn gerðu mun frekar athugasemdir við vindorkugarð á Hólaheiði sem kostur var á að gera í lok könnunar (32% þeirra) en innlendir ferðamenn (um 15%), oftast neikvæðar (4 af hverjum 5), en mikill meirihluti sleppti því. Nokkuð margir erlendu gestanna töldu vindorkugarða ekki passa inn í lítt snortið landslag og víðáttur á Íslandi, jafnvel þótt þeir teldu nýtingu vindorku almennt séð af hinu góða. Aðrir töldu nýtingu vindorku óþarfa á Íslandi þar sem Ísland ætti annarra kosta völ til að afla umhverfisvænnar orku, svo sem með jarðvarma og/eða vatnsafli. Sumir bentu á að vindorkugarðar gætu bitnað á ferðaþjónustu sem væri mikilvæg fyrir svæðið og Ísland. Nokkrir erlendu gestanna nefndu áhættu varðandi afföll fugla. Sumir studdu hugmyndina ef þörf væri á orkunni innanlands en ekki ef nýta ætti hana erlendis eða til stóriðju og ekki ef hún spillti náttúru eða dýralífi (sjá nánar á bls. 50-51).

## 1.5 Nánar um afstöðu ferðaþjónustu- og útivistaraðila á svæðinu til vindorkugarðs á Hólaheiði [1]

Ferðaþjónustu- og útivistaraðila á svæðinu voru beðnir um að segja álit sitt á eftirfarandi fullyrðingum varandi mögulegan vindorkugarð á Hólaheiði:

- *Vindorkugarðurinn mun ekki hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn.*
- *Vindorkugarður og uppbygging ferðaþjónustu í nágrenninu fara vel saman.*
- *Það er rétt að nýta vindorkuna á þessum stað til raforkuframleiðslu.*
- *Vindorkugarðurinn verður ekki til hagsbóta fyrir íbúa á svæðinu.*

85% svarenda voru sammála því að vindorkugarðurinn myndi ekki hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn, 12% voru hlutlausir og 3% ósammála. Þá voru 45% sammála því að garðurinn yrði ekki til hagsbóta fyrir íbúa á svæðinu, 24% hlutlausir og 30% ósammála. 30% voru sammála því að það væri rétt að nýta vindorkuna á Hólaheiði til raforkuframleiðslu, 15% hlutlausir og 55% ósammála. Loks voru 3% sammála því að vindorkugarður og uppbygging í ferðaþjónustu á svæðinu færu vel saman, 15% voru hlutlausir og 82% ósammála. Þessi spurning var ekki lögð fyrir í könnun meðal ferðamanna.

[1] *Hér er um að ræða svör við spurningum sem innlendir og erlendir ferðamenn voru ekki beðnir álits á.*

72% aðila í ferðaþjónustu- og útivist sem afstöðu tóku töldu að vindorkugarður á Hólaheiði myndi hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf til skamms tíma, 16% að þau yrðu engin og 12% að þau yrðu neikvæð. Þá töldu 27% að vindorkugarðurinn myndi hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf til frambúðar, 36% að þau yrðu engin en 37% að áhrifin yrðu neikvæð. Tveir þriðju svarenda álitu að vindorkugarðurinn hefði engin áhrif á íbúaþróun á svæðinu og yfir helmingur að hann myndi engin áhrif hafa á fasteignaverð. Um 60% töldu að vindorkugarður á Hólaheiði myndi hafa neikvæð áhrif á landnýtingu og 72-75% að hann myndi hafa neikvæð áhrif á samstöðu íbúanna, ímynd svæðisins, ferðaþjónustu og útivist. Þá álitu 0-10% þeirra sem afstöðu tóku að áhrifin yrðu jákvæð á þessa þætti en 18-30% þau yrðu engin. Ferðamenn voru ekki spurðir þessarar spurningar.

6% aðila í ferðaþjónustu og útivist töldu að vindorkugarður á Hólaheiði myndi hafa frekar jákvæð áhrif á starfsemi þeirra, 42% að áhrifin yrðu engin en 52% að þau yrðu neikvæð.

**Mynd 1.5** **Ætluð áhrif vindorkugarðs á Hólaheiði á starfsemi ferðaþjónustu- og útivistaraðila á svæðinu**




71% þeirra sem bjuggu næst fyrirhuguðu framkvæmdasvæði (5-20 km frá) töldu að sjónræn áhrif af vindorkugarðinum á svæðinu yrðu neikvæð fyrir þeirra starfsemi en 33-37% þeirra sem fjær voru. 12 af 33 útskýrðu svar sitt. Mörgum var þar ofarlega í huga að framkvæmdirnar myndu verða í andstöðu við ímynd og markaðssetningu svæðisins sem ósnortinna víðerna og kyrrðar.

Um 21% forsvarsmanna í ferðaþjónustu og útivist í könnuninni voru fylgjandi vindorkugarði á Hólaheiði, 12% hlutlausi og 67% andvígir honum. Þessi spurning var ekki lögð fyrir ferðamenn.

**Mynd 1.6** **Afstaða ferðaþjónustu- og útivistaraðila á svæðinu til vindorkugarðs á Hólaheiði**



87% þeirra sem bjuggu næst fyrirhuguðu framkvæmdasvæði (5-20 km frá) voru andvígir vindorkugarðinum,7% hlutlausir og 7% fylgjandi. 60% þeirra bjuggu í 21-35 km fjarlægð voru andvígir garðinum, 10% hlutlausir og 30% fylgjandi. Meðal þeirra sem bjuggu í yfir 35 km fjarlægð voru 37% fylgjandi vindorkugarði á Hólaheiði, 26% hlutlausir og 37% andvígir.

## 1.6 Mat á áhrifum framkvæmda á útivist og ferðaþjónustu

Ferðaþjónusta í nágrenni Hólaheiðar, þ.e. frá Tjörnesi í vestri að Þistilfirði í austri, hefur verið að eflast síðustu ár, þó hægar gangi en víða annars staðar í Þingeyjarsýslum. Þannig hafa allmargir nýir gististaðir bæst við á síðustu 10 árum, safn um forystufé í Þistilfirði, Heimskautsgerði á Raufarhöfn og veitingastaður þar. Svæðið á þó að ýmsu leyti enn undir högg að sækja vegna fólksfækkunar sem leitast er við að stemma stigu við með verkefninu *Brothættar byggðir* o.fl. .

Melrakkaslétta, Hólaheiði og nágrenni er séstætt svæði á Íslandi hvað túndrugóðurfar varðar. Þar er víða mjög víðsýnt, oft í 360°, og sjónlínur langar. Eins og sést á skýringarkorti og sýnileikamyndum (sjá viðauka 5) má gera ráð fyrir sýnileika um 200 m hárra vindmylla við Hnotastein á Hólaheiði víða á svæðinu, einkum til norðurs yfir Melrakkasléttu og til nyrstu tanga landsins, Rifstanga og Hraunhafnartanga. Þá má gera ráð fyrir sýnileika vindmylla á austanverðu Tjörnesi, frá ýmsum bæjum í Núpasveit, frá hluta af íbúðabyggð á Kópaskeri og frá Heimskautsgerðinu við Raufarhöfn. Þetta svæði er nú markaðssett sem lítt spillt víðerni og fuglaparadís þar sem upplifa má kyrrð og ró fjarri ys og þys borga og bæja. Ennfremur er það kjörið svæði til að upplifa miðnætursól við heimskautsbaug að sumarlagi og norðurljós utan sumars. Víða á svæðinu eru veiðivötn, göngu- og reiðleiðir.

Nokkuð almenn andstaða aðila í ferðaþjónustu og útivist á svæðinu er við áform um vindorkugarð á Hólaheiði, sérstaklega meðal þeirra sem búa næst svæðinu, þ.e. frá Kópaskeri og að Raufarhöfn. Ferðamenn voru aftur á móti ekki jafn afgerandi í afstöðu sinni og heimamenn í ferðaþjónustu og útivist og heldur ekki spurðir beint um viðhorf til vindorkugarðs á Hólaheiði (fylgjandi eða andvígir), né áhrif á samfélag atvinnuhætti á svæðinu o.fl.. Innlendir ferðamenn voru almennt heldur jákvæðari til mögulegra áhrifa vindorkugarðs en erlendir ferðamenn og gerðu síður athugasemdir í lok könnunar. Hluti erlendra ferðamanna komu hins vegar með ýmiss konar ábendingar í lokin og voru frekar með efasemdir um ágæti framkvæmdarinnar.

Vindorkugarður á Hólaheiði mun líklega einkum hafa áhrif á þá sem stunda gönguferðir í nágrenninu s.s. um Hólsstíg, fólks í hestaferðum, fugla- og náttúruskoðun. Svæðið í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis á Hólaheiði hefur nokkuð mikið gildi fyrir útivist en fremur lítið fyrir ferðaþjónustu, sem snýst að verulegu leyti um gegnumakstur yfir Hólaheiði um Norðausturveg. Á móti kemur að vindorkugarðurinn verður mjög sýnlegur á um 7 km kafla við veginn, þar sem nú er gott útsýni til suðurs. Það svæði á Hólaheiði er nú lítt manngert, fyrir utan vegstæði Norðausturvegar, og því fremur viðkvæmt fyrir framkvæmdunum. Áhrif vindorkugarðsins eru talin verða fremur mikil á útivist og miðlungs mikil á ferðaþjónustu. Þá er um varanleg og umtalsverð sjónræn áhrif að ræða á líftíma vindmyllanna.

**Mynd 1.7 Vægisgraf umhverfismats fyrir vindorkugarð á Hólaheiði**




Vindorkugarður á Hólaheiði mun, samkvæmt könnunum RRF sumarið 2022, hafa neikvæð sjónræn áhrif á svæðinu að mati 88% heimamanna í ferðaþjónustu og útivist og 58% innlendra sem erlendra ferðamanna og (sbr. myndir 5.8 og 6.8). Hins vegar benda niðurstöðurnar til þess að mjög lítill hluti innlendra ferðamanna og mikill minnihluti erlendra ferðamanna hætti við að fara um svæðið ef af vindorkugarðinum verður (sbr. mynd 6.10). Upplifunin mun hins vegar breytast frá því sem nú er, einkum eftir því sem sýnileiki og nálægð mannvirkjanna verður meiri.

Þá má búast við einhverri ljósmengun af vindorkugarðinum í myrkri, meðal annars vegna kröfu Samgöngustofu frá 2019 um að vindmyllur yfir 150 m að hæð skulu merktar með rauðum/hvítum hástyrksljósum. Hafa þarf í huga að slík viðvörunarljós gætu haft neikvæð áhrif á norðurljósaskoðun, sem m.a. er áformuð á fyrirhuguðum áningarstað og bílastæði á gatnamótum Norðausturvegar og Raufahafnarvegar. Áhrifin munu þó fara verulega eftir útfærslu lýsingarinnar. Þess má geta að norðurljósaskoðun er nú meðal vinsælustu afþreyingar erlendra ferðamanna á Íslandi utan sumartíma.

Það mun einnig skipta máli fyrir möguleg áhrif vindorkugarðsins á ferðaþjónustu og útvist að ákveða hvernig tengingu hans inn á flutningskerfi Landsnets verður háttað. Annars vegar hvar tengingin verður og hins vegar hvort lagður verður jarðstrengur eða reist háspennulína á milli, sem hefur meiri neikvæð sjónræn áhrif.

Þá skortir nánari upplýsinga um útivist á Hólaheiði og nágrenni meðal íbúa á svæðinu frá Tjörnesi í vestri til Þistilfjarðar í austri, en ekki eingöngu meðal þeirra heimamanna sem gera út á ferðaþjónustu og útivist. Æskilegt væri að sú úttekt næði einnig til íbúa í Þistilfirði (áður Svalbarðshreppi).

# 2.0 Inngangur

## 2.1 Verkefnið

Unnið er að undirbúningsrannsóknum vegna mögulegs vindorkugarðs á Hólaheiði í Núpasveit, um 6 km austur af Kópaskeri. Þar áformar *Qair Iceland* að reisa um 200 MW vindorkugarð með um 35 vindmyllum á 33 km$^2$ framkvæmdasvæði. Vindmyllurnar verða um 200 m að hæð með spaða í hæstu stöðu. Verkefnið er því umhverfismatsskylt.

Verkefnið sem hér er til umfjöllunar fólst í því að meta gildi og aðdráttarafl svæðisins með tilliti til ferðaþjónustu og útivistar. Var það gert með hagnýtingu fyrirliggjandi rannsókna og einnig nýjum könnunum meðal forsvarsmanna í ferðaþjónustu og útivist á svæðinu annars vegar og ferðamanna hins vegar. Niðurstöðurnar munu liggja til grundvallar mati á áhrifum vindorkugarðs á Hólaheiði á ferðaþjónustu og útivist. Fyrirliggjandi rannsóknir á viðhorfi til vindorkugarða verða einnig settar í samhengi við fyrirhugaða framkvæmd. Við mat á áhrifum verður einnig tekið mið af sýnileikakortum og áhrifum á landslag og ásýnd.

## 2.2 Kannanir sem stuðst er við og framkvæmd þeirra

### Fyrirliggjandi gögn og rannsóknir

*Dear Visitors* könnun RRF hefur verið framkvæmd meðal erlendra brottfararfarþega í Leifsstöð frá sumrinu 1996 og nær stöðugt alla mánuði ársins frá janúar 2004 og fram til mars 2020 (hætt tímabundið vegna Covid). Í könnuninni hefur meðal annars verið spurt um komur og gistinætur ferðamanna í Þingeyjarsýslur og komur á marga staði þar, m.a. Kópasker, Raufarhöfn og Þórshöfn. Stuðst er við þessa könnun í kafla 3.0, *Erlendir ferðamenn á Íslandi 2010-2019* og í kafla 4.1, *Ferðamenn í Þingeyjarsýslum og á NA-horninu 2010-2019*.

### Könnun meðal aðila í ferðaþjónustu og útivist á svæðinu

Könnunin meðal ferðaþjónustu- og útivistaraðila á svæðinu var að mestu framkvæmd með þeim hætti að starfsmaður RRF fór á svæðið frá Akureyri í vestri til Þórshafnar í austri dagana 26. til 29, maí og náði beint í svarendur. Þannig náðust 26 svör en sjö svör til viðbótar fengust með því að hringt var í viðkomandi, þeim sendur spurningalistinn og svörin skönnuð til baka. Var þar um að ræða aðila sem voru í fríi eða að öðrum ástæðum fjarverandi þá daga sem vettvangskönnunin fór fram.[2] Auk könnunarinnar fengu svarendur skýringarkort af nærsvæði áformaðs vindorkugarðs á Hólaheiði og líkanmyndir (allt í stærðinni A3) sem áttu að gefa til kynna sýnileika vindmyllanna frá fjórum völdum stöðum. Þurftu viðkomandi að kynna sér þau áður en svarað var.[3] Alls fengust því 33 svör, sem er rúmlega það sem að var stefnt (20-30 svör). Tveir af þeim sem náðist til kusu að taka ekki þátt eða sinntu ekki ítrekuðum áminningum. Svörun var því 94% sem telst mjög gott.

[2] *Sjá könnunina í viðauka 1.*

[3] *Sjá kort og líkanmyndir í viðaukum 4 og 5. Þar eru þau í stærðinni A4.*

### Könnun meðal ferðamanna á svæðinu

Vettvangskönnun meðal erlenda og innlendra ferðamanna á svæðinu var framkvæmd af tveimur starfsmönnum RRF dagana 21.-24. júlí en einnig nokkuð 30.-31. ágúst. Auk könnunarinnar fengu svarendur skýringarkort af nærsvæði áformaðs vindorkugarðs á Hólaheiði og líkanmyndir (allt í stærðinni A3) sem áttu að gefa til kynna sýnileika vindmyllanna frá fjórum völdum stöðum. Þurftu ferðamennirnir að kynna sér þau áður en svarað var.[4] Pátttakendur gátu valið um að svara könnuninni á íslensku, ensku, þýsku eða frönsku.[5]

Niðurstaðan er sú að 209 svör fengust. Þar af 118 meðal erlendra ferðamanna, 84 meðal innlendra ferðamanna og 7 meðal erlendra ríkisborgara sem búsettir eru á Íslandi. Þar af fengust 127 svör í Ásbyrgi (61%), 54 á Raufarhöfn (26%) og 27 á Kópaskeri (13%).[6]

## 2.3 Úrvinnsla

Við úrvinnslu á könnun meðal fagfólks í ferðaþjónustu og útivist á svæðinu eru niðurstöðurnar settar fram með gröfum og texta. Svör við spurningum er snúa sjónrænum áhrifum, áhrifum á upplifun, áhrifum á ferðir á svæðið í framtíðinni og afstöðu til vindorkugarðs á Hólaheiði eru einnig skoðaðar eftir því hve nálægt framkvæmdasvæðinu svarendur búa. Var það gert til að fá fram hvort nálægð við framkvæmdasvæðið hefði áhrif á afstöðu fólks.

Við úrvinnslu á vettvangskönnun meðal ferðamanna sumarið 2022 var lögð áhersla að bera saman atferli og afstöðu erlendra og innlendra gesta. Svör við spurningum er snúa að sjónrænum áhrifum, áhrifum á upplifun og komur á svæðið í framtíðinni voru einnig skoðuð eftir því hvort svarendur fóru um nágrenni Hólaheiðar, þ.e. svæðið frá Kópaskeri til Raufar-hafnar/Þistilfjarðar, eða ekki nær því en að Ásbyrgi. Var það gert til að kanna hvort afstaða fólks sem fer nærri framkvæmdasvæðinu væri önnur en þeirra sem upplifðu það úr heldur meiri fjarlægð.

[4]. *Sjá kort og líkanmyndir í viðaukum 4 og 5.*

[5]. *Sjá könnunina á íslensku í viðauka 2 og á ensku í viðauka 3.*

[6]. *Með innlendum ferðamönnum teljast einnig erlendir ríkisborgarar sem búa á Íslandi.*

# 3.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi 2010-2019

Fjöldi erlendra gesta til Íslands með flugi jókst gríðalega á árabilinu 2010 til 2017 (20-40% á ári) eftir stöðum frá 2008, í kjölfar bankahrunsins. Árið 2018 hægði mikið á og var aukningin 5,5% og ferðamenn þá alls 2,35 milljónir miðað við opniberar tölur. Hins vegar varð fækkun um nálægt 15% árið 2019 og fjöldinn rétt um tvær milljónir. Megin ástæða þess var gjaldþrot Wow air í mars það ár. Niðurstaðan er sú að erlendum gestum til Íslands með flugi og ferju á árabilinu 2010 til 2019, samkvæmt opinberum tölum, fjölgaði úr 489 þúsund í rétt um tvær milljónir, eða fjórfalt.

**Mynd 3.1** **Fjöldi erlendra brottfara frá Íslandi 2010-2019**

ferðamenn með flugi og ferju og vinnandi fólk




Fjölgunina 2010-2017 má líklega einkum þakka mikilli umfjöllum um Ísland vegna eldgossins í Eyjafjallajökli árið 2010 og aukningu á sætaframboði í millilandaflugi (mest með Wow air). Meginástæða fækkunar árið 2019, um 14% frá 2018, var síðan gjaldþrot Wow Air í mars það ár.

Ánægjulegt er að frá 2010 hefur ferðamönnum utan sumars fjölgað mun meira en sumargestum í júní, júlí og ágúst. Þannig voru ferðamenn (með flugi og ferju) utan sumartíma 2019 um 65% gesta til landsins en sumargestir 35%.

Af gestum frá einstökum markaðssvæðum sem koma til landsins með flugi og ferju voru Norðurlandabúar lengi vel fjölmennastir á ársgrundvelli. Einkum var svo að vetrarlagi, þar til veturinn 2012-2013 þegar gestir frá Bretlandseyjum urðu heldur fleiri og hafði þá fjölgað tvöfalt frá vetrinum 2010-2011. Veturinn 2013-2014 juku Bretar þá forystu sína verulega og enn frekar veturinn 2014-2015. Mikil aukning á gestum frá Norður-Ameríku frá 2016 til 2018 skilaði þeim hins vegar á örugglega toppinn meðal gesta utan sumars.

Að sumri til voru ferðamenn frá Norðurlöndum og Mið-Evrópu (Þýskalandi, Póllandi, Sviss og Austurríki) lengi vel fjölmennastir. Sumarið 2015 voru gestir frá N-Ameríku áberandi fjölmennastir frá einstökum markaðssvæðum, juku það forskot mikið sumarið 2016 og enn frekar árin 2017 og 2018. Ferðamenn frá Mið-Evrópu hafa verið í öðru sæti að sumarlagi frá 2014 en

koma í minna mæli utan sumars. Bretar koma fremur lítið til Íslands að sumarlagi en hafa hins vegar verið í öðru sæti utan sumars frá því 2015.

**Mynd 3.2 Fjöldi erlendra ferðamanna eftir svæðum 2010-2019**

ferðamenn með flugi og ferju




Sumarið 2019 voru um 31% ferðamanna frá N-Ameríku, 18% frá Mið-Evrópu, 13% frá Suður-Evrópu, 10% frá Asíu, 9% frá Norðurlöndum, 5% frá Bretlandseyjum, 4% frá Benelux löndunum og 10% utan helstu markaðssvæða. Utan sumars 2019 var samsetning gesta töluvert önnur. Þá voru 25% gesta frá N-Ameríku, 19% frá Bretlandseyjum, 13% frá Mið-Evrópu, 11% frá Asíu, 9% frá Suður-Evrópu, 7% Norðurlandabúar, 3% frá Benelux og 13% utan helstu markaðssvæða.

**Myndir 3.3 Skipting erlendra gesta á Íslandi 2019, eftir markaðssvæðum**




Sumarið 2019 voru 73% á eigin vegum, 14% í 'self drive' ferð[7] og 13% skipulagðri hópferð. Er það áþekk niðurstaða og sumrin 2015-2018. Utan sumars 2019 var þessi skipting svipuð; 72% ferðamanna voru þá á ferð á eigin vegum, 13% í 'self drive' ferð og 15% í skipulagðri hópferð.

---

[7] *Í 'self drive' ferð sér ferðaskrifstofa um helstu bókanir fyrir fólk, svo sem á bílaleigubíl og gistingu, leggur upp lengd ferðar og um hvaða svæði er farið. Að öðru leyti ræður fólk sér sjálft.*

65-67% ferðamanna á jaðarmánuðunum apríl, maí og september 2019 notuðu bílaleigubíl, svipað og helstu sumarmánuðina, 56% gesta í mars og október en 43-47% ferðamanna í janúar, febrúar, nóvember og desember.

**Mynd 3.4 Helstu farartæki erlendra sumargesta á Íslandi 2010-2019**




Ef allt árið 2019 er skoðað þá nýttu um 60% bílaleigubíla. Mun fleiri notuðu eitthvað hópferðabíla að vetri en sumri 2019, t.d. um 48% gesta yfir helstu vetrarmánuðina fjóra en að jafnaði um 26% á jaðarmánuðunum.

Ferðamönnum sem koma með skemmtiferðaskipum til Íslands hefur einnig fjölgað mikið á umliðnum árum. Voru um 70 þúsund árið 2010 (70 skipakomur) en 183 þúsund árið 2019 (194 skipakomur) sem er 2,6 földun (160%).

**Mynd 3.5 Fjöldi farþega með skemmtiferðaskipum til Íslands 2010-2019**




Þessir ferðamenn dreifast á mánuðina mars til október en flestir koma í júní til ágúst. Þeir gista nær eingöngu um borð í skipunum en fara hins vegar mikið í ýmiss konar skoðunarferðir út frá viðkomustöðum skipanna og/eða skoða sig um á viðkomandi þéttbýlisstað. Ferðamenn með skemmtiferðaskipum árið 2019 voru að vanda flestir frá Þýskalandi en síðan frá Bandaríkjunum og Bretlandi. Ferðamenn frá Kanada komu þar á eftir.[8]

[8] *Heimild: www.faxafloahafnir.is/en/cruise-statistics*

# 4.0 Ferðamenn, umferð, þróun í ferðaþjónustu og íbúafjölda á svæðinu 2010-2019

## 4.1 Erlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum, Ásbyrgi og á NA-horninu

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 143 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Þingeyjarsýslur árið 2010, 205 þúsund árið 2013, 562 þúsund árið 2018 og 526 þúsund árið 2019.[9] Samkvæmt því fjölgaði þeim 3,7 falt frá 2010 til 2019 (fækkaði um 6,5% frá 2018 til 2019). Þetta þýðir einnig að 27% ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2019 komu í Þingeyjarsýslur en 29% þeirra árið 2010. Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum ferðamönnum sem komu í Þingeyjarsýslur hafi fjölgað úr 127 þúsund árið 2010 í 308 þúsund árið 2019, eða 2,4 falt (fækkaði um 5% frá 2018 til 2019). Þá fjölgaði erlendum gestum í Þingeyjarsýslum utan sumartíma mikið meira á sama árabili, úr 16 þúsund í um 218 þúsund, eða 14 falt (fækkaði um 9,5% frá 2018 til 2019). Þessar niðurstöður sýna ótvírætt að ferðamannatíminn í Þingeyjarsýslum hefur lengst.

**Mynd 4.1** **Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Þingeyjarsýslur eftir mánuðum 2010, 2013 og 2015-2019**




| | jan | feb | mars | apríl | maí | júní | júlí | ágúst | sept | okt | nóv | des |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2019** | 10,9 | 12,5 | 24,3 | 19,7 | 35,6 | 82,5 | 111,8 | 113,8 | 65,1 | 31,2 | 10,1 | 8,3 |
| **2018** | 10,6 | 12,4 | 22,0 | 24,1 | 43,7 | 86,6 | 116,0 | 119,0 | 74,5 | 33,4 | 11,7 | 7,8 |
| **2017** | 6,8 | 6,5 | 21,0 | 23,3 | 43,8 | 83,2 | 128,5 | 129,8 | 58,8 | 13,1 | 10,0 | 4,4 |
| **2016** | 3,0 | 1,2 | 9,7 | 11,8 | 36,8 | 66,2 | 94,0 | 102,7 | 71,8 | 36,0 | 5,1 | 5,1 |
| **2015** | 2,6 | 0,6 | 12,6 | 9,2 | 13,5 | 42,9 | 97,4 | 96,5 | 34,4 | 11,4 | 3,4 | 1,5 |
| **2013** | 1,3 | 3,0 | 3,5 | 5,0 | 15,7 | 34,6 | 60,1 | 62,8 | 8,6 | 5,2 | 3,6 | 1,4 |
| **2010** | 1,0 | 0,3 | 2,1 | 2,2 | 1,3 | 20,4 | 50,4 | 56,5 | 6,7 | 1,7 | 0,2 | 0,2 |

9 *Hér eru farþegar með skemmtiferðaskipum ekki meðtaldir en þeir voru um 153 þúsund til Akureyrar árið 2019. Samkvæmt upplýsingum frá* Sérleyfisbílum Akureyrar *fóru líklega um 90 þúsund þeirra (nær 60%) í skoðunarferðir; þar af nálægt 54 þúsund í Suður-Þingeyjarsýslu. Þar við bætast um 8 þúsund farþegar með skipum til Húsavíkur (sem nær allir fóru einnig með skipunum til Akureyrar). Með þessu má því áætla heildarfjölda erlendra gesta í Þingeyjarsýslum um 588 þúsund árið 2019.*

Á mynd 4.2 má sjá áætlaðan fjölda og hlutfallsskiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Þingeyjarsýslum eftir mánuðum 2019 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 526 þúsund erlendum gestum þar hafi 301 þúsund gist (57%) en 225 þúsund verið dagsgestir (43%). Um 58% sumargesta gistu en 56% þeirra sem komu utan sumars.

**Mynd 4.2 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta Þingeyjarsýslum eftir mánuðum 2019**




| | jan | feb | mars | apríl | maí | júní | júlí | ágúst | sept | okt | nóv | des |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Dagsgestir** | 58% | 48% | 49% | 40% | 50% | 44% | 42% | 41% | 37% | 38% | 33% | 79% |
| **Næturgestir** | 42% | 52% | 51% | 60% | 50% | 56% | 58% | 59% | 63% | 62% | 67% | 21% |

Þeir 301 þúsund næturgestir í Þingeyjarsýslum árið 2019 dvöldu þar að jafnaði 1,7 nætur en 106 þúsund gestir í 2,2 nætur árið 2010. Þannig eru erlendar gistinætur í Þingeyjarsýslum áætlaðar 507 þúsund árið 2019 en 233 þúsund 2010.[10] Árið 2019 er áætlað að 36% erlendra gistinátta í Þingeyjarsýslum hafi verið utan sumars og 8% árið 2010.

**Mynd 4.3 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinátta í Þingeyjarsýslum að sumri og utan sumars 2010, 2013 og 2015-2019**




| | 2010 | 2013 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Utan sumars** | 8% | 11% | 23% | 33% | 27% | 37% | 36% |
| **Sumar** | 92% | 90% | 77% | 67% | 73% | 63% | 64% |

10 *Hér eru gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Þingeyjarsýslna áætlaðar og meðtaldar.*

Ásbyrgi hefur lengi verið fimmti vinsælasti viðkomustaður erlendra ferðamanna í Þingeyjarsýslum á eftir Mývatnssveit, Goðafossi, Dettifossi og Húsavík. Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 51 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið í Ásbyrgi árið 2010, 65 þúsund árið 2013, 113 þúsund árið 2017 og 98 þúsund árið 2019. Samkvæmt því fjölgaði þeim um 92% frá 2010 til 2019 (fækkaði hins vegar um 13% frá 2017 til 2019). Þetta þýðir einnig að um 5% ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2019 komu í Ásbyrgi en um 10% ferðamanna til landsins árið 2010. Samkvæmt því hefur Ásbyrgi misst um 50% hlutdeild í komum ferðamanna á tímabilinu.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum ferðamönnum sem komu í Ásbyrgi hafi fjölgað úr 45 þúsund árið 2010 í 71 þúsund árið 2019, eða um 58% (fækkaði um 18% frá 2017 til 2019). Þá fjölgaði erlendum gestum í Ásbyrgi utan sumartíma mikið meira á sama árabili, úr 6 þúsund í 27 þúsund, eða 4,5 falt.

**Mynd 4.4** **Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna í Ásbyrgi eftir mánuðum 2010, 2013 og 2015-2019**




| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2019** | 0,5 | 1,7 | 1,1 | 1,4 | 4,2 | 14,4 | 29,8 | 27,1 | 14,4 | 1,7 | 0,9 | 0,8 |
| **2018** | 0,5 | 1,8 | 1,1 | 1,8 | 6,3 | 17,2 | 32,4 | 25,6 | 16,4 | 2,2 | 1,4 | 0,6 |
| **2017** | 0,2 | 0,2 | 0,3 | 0,8 | 5,5 | 20,6 | 34,5 | 33,6 | 14,7 | 2,1 | 0,9 | 0,1 |
| **2016** | 0,4 | 0,1 | 0,3 | 0,4 | 6,7 | 16,6 | 25,9 | 28,1 | 12,5 | 5,7 | 0,4 | 0,1 |
| **2015** | 0,1 | 0,2 | 0,5 | 1,0 | 3,2 | 12,9 | 24,3 | 25,8 | 7,3 | 3,2 | 0,6 | 0,1 |
| **2013** | 0,3 | 0,2 | 0,4 | 0,9 | 2,8 | 11,3 | 22,4 | 24,7 | 1,2 | 0,4 | 0,2 | 0,2 |
| **2010** | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,4 | 1,2 | 7,7 | 17,2 | 20,1 | 3,8 | 0,3 | 0,1 | 0,0 |

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 14 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið eitthvað norðausturhorn Norðurlands árið 2010 (þ.e. komið að Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn eða Bakkafirði), 21 þúsund árið 2013, 32 þúsund árið 2015, 39 þúsund árið 2016, 41 þúsund árið 2017, 43 þúsund árið 2018 og svipað margir árið 2019. Af þeim sem komu árið 2019 má áætla að 5-6 þúsund hafi verið Norrænufarþegar. Samkvæmt því fjölgaði erlendum ferðamönnum á þessu svæði 3,2 falt frá 2010 til 2019 en aðeins um 5% frá 2017 til 2019. Þetta þýðir að 2,2% af ferðamönnum til Íslands árið 2019 komu á norðaustursvæðið, þar af 4,1% sumargesta en 1,2%

gesta utan sumars, en 2,9% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hefur svæðið misst um 28% hlutdeild í komum ferðamanna á tímabilinu.



*Heimskautsgerðið við Raufarhöfn.*

Þannig má einnig áætla að 8% af erlendum ferðamönnum í Þingeyjarsýslum árið 2019 (með flugi eða ferju til landsins) hafi komið á norðaustursvæðið, 9% sumargesta en 6,5% gesta utan sumartíma.

**Mynd 4.5 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna norðausturhornið sumri og utan sumars 2010, 2013 og 2015-2019**




| | 2010 | 2013 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Utan sumars** | 5% | 8% | 15% | 22% | 24% | 33% | 35% |
| **Sumar** | 95% | 92% | 85% | 78% | 76% | 67% | 65% |

## 4.2 Innlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum, Ásbyrgi og á NA-horninu

Samkvæmt könnunum RRF komu 37% landmanna í Þingeyjarsýslur árið 2010 og árið 2019 er áætlað að um 35% þeirra hafi komið í sýslurnar. Þannig má áætla að um 110 þúsund Íslendingar hafi komið í Þingeyjarsýslur 2010 og um 120 þúsund árið 2019.[11]

Fimm símakannanir RRF á ferðum Íslendinga á árabilinu 2001-2005 sýndu að 40-47% þeirra sem komu í Þingeyjarsýslur gistu þar í 4-5 nætur að jafnaði. Miðað við það og 4,5 nátta meðaldvöl má áætla gistinætur Íslendinga í Þingeyjarsýslum um 220 þúsund árið 2010 og 240 þúsund árið 2019. Gistinætur Íslendinga á Norðurlandi árið 2019 eru alls áætlaðar rúmlega 1,1 milljón árið 2019.[12] Samkvæmt því voru 22% af gistinóttum Íslendinga á Norðurlandi árið 2019 í Þingeyjarsýslum.

Þá sýna kannanir RRF o.fl. að jafnaði að 9-15% landmanna lögðu leið sína í Ásbyrgi árunum frá 2010 til 2019 (mismargir eftir tíðarfari), eða nálægt 12% að jafnaði. Þannig komu 14% þangað árið 2010 en 12% árið 2019. Þannig er áætlað að 43 þúsund Íslendingar hafi komið í Ásbyrgi árið 2010 en 41 þúsund árið 2019. Þannig kemur að jafnaði þriðjungur innlendra gesta í Þingeyjarsýslur í Ásbyrgi.



Í Ásbyrgi.

Rannsóknir sýna einnig að 3,0-4,5% Íslendinga lögðu leið sína í þorpin á norðausturhorninu á árabilinu 2010 til 2019, þ.e. að Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn. Einnig að 6-7% komu á einhvern þessara staða og fóru því um svæðið sem hér um ræðir, eða 18-20% þeirra sem komu í Þingeyjarsýslur. Þannig má áætla að 20-22 þúsund Íslendingar hafi lagt leið sína um norðausturhornið árið 2019 (um 50% fjöldans í Ásbyrgi) og 11 til 15 þúsund komið í hvert af þorpunum þremur. Ennfremur að um 18 þúsund Íslendingar hafi komið á norðausturhornið 2010.

---

[11] *Samkvæmt Hagstofunni voru landsmenn um 318 þúsund við lok árs 2010 og um 356 þúsund undir lok árs 2019, sem er fjölgun um 12%. Hér er miðað við fjöldann 305 og 340 þúsund til að fara varlega.*

[12] *Heimild: „*Ferðalög Íslendinga 2019 og ferðaáform þeirra 2030.*" MMR fyrir Ferðamálastofu, mars 2020. Þar eru gistinætur Íslendinga á Norðurlandi áætlaðar um 27% af heildinni.*

## 4.3 Allir ferðamenn í Þingeyjarsýslum, Ásbyrgi og á NA-horninu



*Erlendir ferðamenn þeysa á mótorhjólum fram hjá Leirhöfn á Melrakkasléttu sumarið 2022.*

Í töflu 4.1 má m.a. sjá áætlaðan heildarfjölda ferðamanna í Þingeyjarsýslum, í Ásbyrgi og á norðausturhorninu árin 2019 og 2010. Þar sést vel hve mikið erlendum ferðamönnum fjölgaði á svæðinu á þessu tímabili miðað við Íslendinga, og fóru úr því að vera 57% gesta þangað árið 2010 í 81% gesta árið 2019. Þá fjölgaði áætluðum gistinóttum þeirra úr 52% í 68% af heildinni. Hvað norðausturhornið varðar er áætlað að hlutfall erlendra ferðamanna þar hafi verið 44% árið 2010 en 67% árið 2019.

**Tafla 4.1 Áætlaður fjöldi komugesta, næturgesta og gistinátta í Þingeyjarsýslum og komur í Ásbyrgi og á norðausturhornið árin 2019 og 2010**

| | Fjöldi | | Hlutfall | |
|---|---|---|---|---|
| **2019** | Erlendir | Innlendir | Erlendir | Innlendir |
| Þingeyjarsýslur komið [13] | 526.000 | 120.000 | 81% | 19% |
| Þingeyjarsýslur gist | 301.000 | 54.000 | 85% | 15% |
| Þingeyjarsýslur gistinætur | 507.000 | 240.000 | 68% | 32% |
| Ásbyrgi | 98.000 | 41.000 | 71% | 29% |
| Norðausturhornið | 42.000 | 21.000 | 67% | 33% |
| **2010** | | | | |
| Þingeyjarsýslur komið | 143.000 | 110.000 | 57% | 43% |
| Þingeyjarsýslur gist | 106.000 | 49.000 | 68% | 32% |
| Þingeyjarsýslur gistinætur | 233.000 | 220.000 | 52% | 48% |
| Ásbyrgi | 51.000 | 43.000 | 54% | 46% |
| Norðausturhornið | 14.000 | 18.000 | 44% | 56% |

[13] *Nokkur hluti Íslendinga kemur oftar en einu sinn á ári í Þingeyjarsýslur, þannig að heimsóknafjöldi landamanna er þar hærri en sem nemur hausafjöldanum.*

## 4.4 Þróun umferðar

Tölur Vegagerðarinnar sýna að umferð um Tjörnes, til og frá Kelduhverfi, jókst um 42% frá 2010 til 2019. Á sama tíma nær fimmfaldaðist umferðin á milli Vesturdals og Kelduhverfis. Munar þar mest um 3,8-falda aukningu umferðar þar frá 2018 til 2019, enda var lokið við að byggja upp síðasta hluta Dettifossvegar vestan Jökulsár á Fjöllum (862) í september 2019. Á móti dróst umferðin á Hólsfjallaleið austan Jökulsár saman um 62% frá 2018 til 2019.  Þá jókst umferðin á þjóðvegi 1 (hringveginum) við Dettfossveg um 130% á tímabilinu 2010 til 2019.[14]

Hins vegar minnkaði umferðin um 18% yfir Hólaheiði (Hófaskarðaleið) frá 2010 til 2019 og stóð í stað á  Sléttuvegi, með ströndinni umhverfis  Melrakkasléttu á milli Kópaskers og Raufarhafnar.[15] Aftur á móti jókst umferðin á sama tímabili um 18% við Hafralónsá í Þistilfirði. Meginskýringin á stöðnuninni í umferð við Melrakkasléttu er að öllum líkindum fólksfækkunin á svæðinu sem áður er getið (18% á tímabilinu), því kannanir benda til talsverðar aukningar á komum ferðamanna þangað á þessum tíma, en þó um 20% undir landsmeðaltali.

Ef gert er ráð fyrir að jafnaði 2,5 manns í bíl að bílstjóra meðtöldum má áætla fjölda vegfarenda um helstu leiðir í nágrenni vindorkugarðs á Hólaheiði sem hér segir árin 2010 og 2019.

**Tafla 4.2 Lauslega áætlaður fjöldi vegfarenda um vegi í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis að Hnotasteini á Melrakkasléttu árin 2010 og 2019**

| *Áætlaður fjöldi vegfarenda* | 2010 | 2019 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Tjörnesvegur við Mánárbakka | 240.000 | 340.000 | + 42% |
| Sunnar gatnamóta Hófaskarðsleiðar | 177.000 | 142.000 | - 19% |
| Hófaskarðsleið við Raufarhafnarveg | 129.000 | 105.000 | - 18% |
| Leirhöfn á Melrakkasléttu | 41.000 | 40.000 | - 3% |
| Hafralónsá í Þistilfirði | 104.000 | 122.000 | + 18% |
| Dettifossvegur, næst Kelduhverfi | 58.000 | 270.000 | + 465% |
| Hólsfjallavegur, næst Kelduhverfi | 108.000 | 99.000 | - 9% |
| Hringvegur vestan Jökulsá | 280.000 | 640.000 | + 129% |

14 *Aðalheimild í þessu kafla:* www.vegagerdin.is/upplysingar-og-utgafa/umferdin/umfthjodvegum/

15 *Lokið var við að byggja upp Hófaskarðsleið þvert yfir Melrakkasléttu árið 2009, en vegurinn var ekki formlega opnaður fyrr en í nóvember 2010. Leiðin er nú hluti af um 280 km Norðausturvegi (85) sem liggur fá Húsavík, um Þórshöfn, Vopnafjörð og að þjóðvegi 1 austan við Möðrudalsheiði. Hófaskarðsleið kom í stað Öxarfjarðaheiðar sem var einungis fær að sumarlagi.*

## 4.5 Þróun ferðaþjónustu og ferðaleiða



*Gistiheimilið Melar á Kópaskeri.*

Á árabilinu 2010 til 2019 varð veruleg aukning á gistirými í Þingeyjarsýslum einkum í Mývatnssveit en einnig á Húsavík. í Mývatnssveit opnaði Hótel Laxá árið 2014 (80 herbergi) og Fosshótel Mývatn árið 2017 (92 herbergi). Á Húsavík opnaði Gistihúsið Höfði Hótel árið 2012 (19 herbergi) og Fosshótel Húsavík opnaði eftir stækkun árið 2015 (úr 70 í 110 herbergi). Þá voru Sjóböðin við Húsavík opnuðu í sumarlok 2019 og hafa notið vinsælda. Hins vegar hefur framþróun ferðaþjónustunnar verið mun hægari á norðausturhorninu á þessu árabili, þ.e. frá Tjörnesi og austur að Þórshöfn. Þó hafa nokkrir góðir gististaðir bæst þar við. Þar má m.a. nefna smáhýsi Nordic Natura að Meiðavöllum nærri Ásbyrgi, Gistiheimilið Mela á Kópaskeri, Nest Hostel á Raufarhöfn og Gistiheimilið Grástein að Holti í Þistilfirði. Þá opnaði Fræðasetur um forystufé að Svalbarði í Þistilfirði sumarið 2014. Eldri söfn og sýningar á svæðinu eru Minjasafnið á Mánárbakka, Gljúfrastofa í Ásbyrgi, Byggðasafnið að Snartarstöðum, Skjálfta-setrið á Kópaskeri og sýningar í Sauðaneshúsinu við Þórshöfn (tilheyrir húsasafni Þjóðminjasafnsins).

Aðal aðdráttarafl norðaustursvæðisins hefur lengi verið Dettifoss og Ásbyrgi, ásamt öðrum náttúruperlum í Jökulsárgljúfrum. Þessir staðir eru nú hluti Vatnajökulsþjóðgarðs. Vandaðar sýningar í gestamiðstöðinni Gljúfrastofu fræða ferðamenn um svæðið (opnaði 2007).

Þá hefur Heimskautsgerðið á Raufarhöfn notið vaxandi vinsælda, þó enn sé langt í að lokið verði við mannvirkið. Helsta aðdráttarafl Melrakkasléttu og nágrennis er fjölskrúðugt fuglalíf þar sem Núpskatla og Rauðinúpur eru fremst meðal jafningja, ströndin og rekaviðurinn, veiðivötnin og miðnætursólin. Þá er sauðfé víða á beit að sumarlagi þó bændabýlum fari ört fækkandi. Hraun-hafnartangi nýtur vinsælda, enda um langa hríð verið talinn nyrsti tangi Íslands, þó nú sé staðfest að Rifstangi, skammt austar, nái eilítið norðar.

Svæðið er afar vel fallið til lengri og skemmri gönguferða. Þekktasta leiðin í nágrenni fyrirhugaðs vindorkugarðs er Hólsstígur, gömul póstleið á milli Kópaskers og Raufarhafnar, um 30 km löng. Þá er stikuð fræðsluleið um misgengið suðaustan og austan við Kópasker sem tengist Skjálftasetrinu. Ferðafélagið Norðurslóð hefur verið deild í Ferðafélagi Íslands frá árinu 2009. Félagið leggur áherslu á gönguferðir frá Kelduhverfi í vestri til Bakkafjarðar í austri.




*Við Hraunhafnartanga.*

Nokkuð er um skipulagðar hestaferðir á svæðinu fyrir erlenda ferðamenn. Má þar t.d. nefna fjögurra daga hestaferð í smalamennsku um Hólaheiði og nágrenni á vegum Íslandshesta og í samvinnu við bændur að Bjarnastöðum en einnig að Daðastöðum og á Prestbakka. Þar er féð rekið í Katastaðarétt, um 4 km frá fyrirhuguðum vindorkugarði, og eftir það á einstaka bæi. Þá eru aðilar á svæðinu sem fara með gesti í norðurljósaferðir út á Melrakkasléttu og víðar utan sumartíma og eins ferðir til að skoða miðnætursólina við norðurheimskautsbaug að sumarlagi.

Ferðamenn, einkum þeir erlendu, stunda talsvert fuglaskoðun í ferðum sínum um landið, t.d. að jafnaði 30-35% erlendra sumargesta, eins og fjölmargar rannsóknir RRF og fleiri staðfesta. Melrakkaslétta er rík af fuglalífi, sérstaklega við ströndina, og þar verpa minnst 53 tegundir.[16] Árið 2010 var félagið *Fuglastígur á Norðausturlandi* stofnað í samstarfi Náttúrustofu Norðurlands og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga (nú Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra). Það heldur m.a. úti heimasíðunni *www.birdingtrail.is* og hefur gefið út fuglaskoðunarkort sem nýtist vel ferðamönnum, með upplýsingum um 31 stað frá Mývatni að Vopnafjarðar, helstu fuglategundir eftir stöðum og hvenær best er að skoða þær.[17] Þar má sjá að norðausturhornið er mikilvægt fuglaskoðunarsvæði. Í tengslum við verkefnið hafa m.a. risið sérhönnuð fuglaskoðunarhús við Kópasker og við Höskuldarnes, norðan Raufarhafnar.



*Rauðinúpur séður frá Núpskötlu.*

[16] *Heimild: https://m.facebook.com/Rifresearch/photos/a.1008214765865933/4368940156460027/*

[17] *Sjá fuglakortið hér: www.birdingtrail.is/map*

Þá er Melrakkaslétta og nágrenni sögu- og hlunnindaríkt svæði (rekviður, fiskur, selur, fugl). Þar koma m.a. ýmsar persónur Íslendingasagna við sögu, þjóðþekkt skáld, síldarspekúlantar o.fl.. Eins og nafnið gefir til kynna eru heimkynni heimskautarefsins (melrakkans) þar einnig. Á Melrakka-sléttu er sérstæður túndrugróður með saltmýrum, tjörnum og ferskvatnsvötnum. Í þeim vötnum er víða fiskur. Það hefur fyrirtækið Arctic Angling, sem er með aðsetur Raufarhöfn, nýtt sér og á undanförnum árum boðið upp á sérhannaðar stangveiðiferðir á svæðinu, einkum í urriðaveiði.

**„Demantshringurinn“** (*Diamond Circle*) svo kallaði er um 250 km ferðamannaleið sem opnaðist að fullu með nýjum Dettifossvegi vestan Jökulsár á Fjöllum haustið 2020. Á leiðinni eru auk Húsavíkur margar af helstu náttúruperlum Norðurlands eystra, svo sem Ásbyrgi og Hljóðaklettar, Dettifoss, Mý-vatnssveit (Dimmuborgir, Skútustaðagígar, Hverirnir) og Goðafoss. Þessi nýja leið á einnig að geta nýst vel svæðinu frá Öxarfirði og í austur í Vopnafjörð, þar með talinni Melrakkasléttu og nágrenni. Markaðsstofa Norðurlands vinnur að markaðssetningu Demantshringsins ásamt ferðaþjónustuaðilum á svæðinu og eru vonir bundnar við að hann verði vinsæl ferðaleið.



*Kort: Markaðsstofa Norðurlands*

**„Norðurstrandarleiðin“** svo kallaða, eða *Arctic Coast Way*, er 900 km nýlega ferðamannaleið sem var formlega opnuð að frumkvæði Markaðsstofu Norðurlands sumarið 2019. Hún þræðir vegi meðfram strönd Norðurlands, allt frá Hvammstanga í vestri til Bakkafjarðar í austri. Á leiðinni eru 21 bæir/þorp og sex aðgengilegar eyjar. Þrátt fyrir að verkefnið snúist um að skapa ferðamanna-veg er helsta markmiðið að Norðurstrandarleiðin auki upplifun ferðamanna. Sjálf leiðin er segullinn sem dregur að og beinir þeim meðfram ströndinni en markmiðið að þeir eyði meiri tíma á svæðinu, s.s. með því að skoða náttúru og dýralíf, fara í göngugerðir, skoða söfn og sýningar, upplifa andrúmsloft strandbyggðanna o.s.frv. Ennfremur að þeir gisti frekar og auki viðskipti sín við ferðaþjónustuaðila meðfram leiðinni. Eins og með Demantsleiðina er ekki komin reynsla á Norðurstrandarleiðina þar sem Covid faraldurinn skall á skömmu eftir hún var fyrst markaðssett.



*Kort: Markaðsstofa Norðurlands*

## 4.6 Mannfjöldaþróun



*Raufarhöfn.*

Eins og áður er getið fjölgaði Íslendingum um 12% á árabilinu 2010 til 2019, úr 318 þúsund í 356 þúsund. Á sama árabili fjölgaði íbúum í Þingeyjarsýslum um rúmlega 3% og í Norðurþingi um 6%. Hins vegar fækkaði íbúum um 18% í byggðum í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis á Hólaheiði, þ.e. á Kópaskeri og nágrenni, á Raufarhöfn og í fyrrum Svalbarðshreppi (póstnúmer 670, 671, 675, 676 og 681). Á þessu svæði voru íbúar 716 árið 2010 en 594 árið 2019. Þá fækkaði íbúum um 3% í Langanesbyggð á sama tímabili (Þórshöfn, Bakkafjörður og nágrenni).

Norðaustursvæðið hefur því átt undir högg að sækja hvað íbúaþróun varðar.[18] Til marks um vandann varð Raufarhöfn fyrsti þéttbýlisstaður á Íslandi sem var valinn í verkefnið *Brothættar bygg*ðir árið 2012. Var það unnið í samstarfi við heimamenn, Byggðastofnun, Norðurþing og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga. Árið 2015 bættust Kópasker og nærsveitir í hópinn. Hefur verkefni aukið samheldni íbúa á þessum svæðum og skilað ýmsu jákvæðu á sviði þróunar í ferðaþjónustu.

[18] *Heimild: hagstofa.is*

# 5.0 Könnun meðal aðila í ferðaþjónustu og útivist 2022

## 5.1 Framkvæmd og þátttakendur

Könnunin meðal ferðaþjónustu- og útivistaaðila sem og félaga og hópa á því sviði var að mestu framkvæmd með þeim hætti að starfsmaður RRF fór á svæðið frá Akureyri í vestri til Þórshafnar í austri dagana 26. til 29, maí og náði beint í svarendur. Þannig náðust 26 svör en sjö svör til viðbótar fengust með því að hringt var í viðkomandi, þeim send kort, skýringarmyndir og spurningalistinn og svörin send skönnuð til baka. Var þar um að ræða aðila sem voru í fríi eða að öðrum ástæðum fjarverandi þá daga sem vettvangskönnunin fór fram. Alls fengust því 33 svör, sem er rúmlega það sem að var stefnt (20-30 svör). Tveir af þeim sem náðist til kusu að taka ekki þátt eða sinntu ekki ítrekuðum áminningum. Svörun var því 94% sem telst afar gott.

Af svarendum voru karlar 54% og konur 46%. Voru 15% á aldrinum 25-45 ára, 52% voru 45-60 ára og 33% eldri en 60 ára. Þá voru 46% staðsettir eða með meginstarfsemina í 5-20 km fjarlægð frá áformuðum vindorkugarði á Hólaheiði, 30% í 21-35 km fjarlægð og 24% í meira en 35 km fjarlægð.[19]

**Tafla 5.1** **Kyn, aldur og fjarlægð starfsemi frá vindorkugarði**




Af svarendum skilgreindu 91% sig í forsvari fyrir starfsemi í ferðaþjónustu, 12% sem m.a. leiðsögumenn og 6% í forsvari fyrir útivistarfélag. Einn (3%) var í forsvari fyrir rannsóknarmiðstöð sem fær talsvert af erlendum gestum/vísindafólki á svæðið. Nokkrir útskýrðu stöðu sína betur sem umsjónarmenn menningarmiðstöðvar Þingeyinga, norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, tjaldsvæðis á Kópaskeri og verkefnis um Heimskautsgerðið á Raufarhöfn.

[19] *Svarendur á Raufarhöfn eru með starfsemi sína 19,5-22 km fjarlægð frá fyrirhugðu framkvæmda-svæði á Hólaheið, eða á mörkum fjarlægðavegalengdanna. Frá Raufarhöfn og þar í kring verða flestar vindmyllurnar vel sýnlegar í góðu skyggni, sbr. kort í viðauka 4. Því eru sex svarendur á Raufarhöfn hafðir með í fyrri hópnum.*

Af þeim sem vorum í ferðaþjónustu voru flestir með gistingu og afþreyingu en síðan verslun, ferðaskrifstofu, safn/sýningu eða veitingar.[20]

**Tafla 5.2** **Starfsemi í ferðaþjónustu**




Auk þess var efirtalið nefnt: í forsvari fyrir ferðaþjónustusamtök, með stangveiði í ám og vötnum, rannsóknir á lífríkinu.

## 5.2 Útivist í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis

Spurt var hvort svarendur nýttu sér nágrenni fyrirhugaðs vindorkugarðs á Hólaheiði til útivistar, annars vegar að sumarlagi og hins vegar utan sumars.[21] Niðurstaðan er sú að 56% töldu sig nota svæðið mjög eða fremur oft útivistar að sumarlagi en 28% utan sumars. Á móti á töldu 44% sig nota svæðið sjaldan eða aldrei að sumri og 72% sjaldan eða aldrei utan sumars.

**Mynd 5.3** **Útivist stunduð í nágrenni fyrirhugaðs vindorkugarðs sumar og utan sumars**




Spurt var um átta mismunandi afþreyingarþætti og hvort ferðaþjónustu- og útivistaraðilar hefðu stundað þá í nágrenni fyrirhugaðs vindorkugarðs. Helst hafði fólk eitthvað stundað gönguferðir (47%) eða fuglaskoðun (43%) en síðan útreiðar (23%), stangveiði (20%), skotveiði (17%) og snjósleðaferðir (13%) en síst skíðagöngu (6%).

[20] *Hestaferðir og gönguferðir eru hluti af afþreyingarliðnum sem merkt var við (20% af 33%).*

[21] *Í könnuninni var „nágrenni " skilgreint sem svæði í allt að 20 km radíus frá framkvæmdasvæðinu. Sjá spurningu 2 a í viðauka I.*

**Mynd 5.4 Tegund útivistar stunduð í nágrenni fyrirhugaðrar vindorkugarðs**




Rúmlega helmingur ferðaþjónustu- og útivistaraðila sem bjuggu í 5-20 km fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði á Hólaheiði skoðuðu fugla mjög eða nokkuð oft en 20-30% þeirra sem fjær bjuggu.

Annað nefnt: norðurljósaskoðun (x2), viðskiptavinir fara um á eigin vegum/self drive (x3), rannsóknastörf, náttúruskoðun.



*Á Norðausturvegi nærri Katastöðum.*

## 5.3 Afstaða til fullyrðinga um vindorkugarð á Hólaheiði

Fólk var beðið um að segja álit sitt á eftirfarandi fullyrðingum varandi mögulegan vindorkugarð á Hólaheiði:

- *Vindorkugarðurinn mun ekki hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn.*
- *Vindorkugarður og uppbygging ferðaþjónustu í nágrenninu fara vel saman.*
- *Það er rétt að nýta vindorkuna á þessum stað til raforkuframleiðslu.*
- *Vindorkugarðurinn verður ekki til hagsbóta fyrir íbúa á svæðinu.*

85% svarenda voru sammála því að vindorkugarðurinn myndi ekki hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn, 12% voru hlutlausir og 3% ósammála. Þá voru 45% sammála því að garðurinn yrði ekki til hagsbóta fyrir íbúa á svæðinu, 24% hlutlausir og 30% ósammála. 30% voru sammála því að það væri rétt að nýta vindorkuna á Hólaheiði til raforkuframleiðslu, 15% hlutlausir og 55% ósammála. 3% voru sammála því að vindorkugarður og uppbygging í ferðaþjónustu á svæðinu færu vel saman, 15% voru hlutlausir og 82% ósammála.

**Mynd 5.5** **Skoðun á fullyrðingum um vindorkugarð á Hólaheiði**




12 af 33 svarendum komu með útskýringar/athugasemdir í tengslum við þessa spurningu. Þær snérust helst um áhyggjur af því að orkan nýttist ekki á svæðinu eða yrði flutt úr landi, að vindorkugarðurinn hefði neikvæð áhrif á óhindrað útsýni, ferðaþjónustu og markaðssetningu hennar á svæðinu og að hann ætti ekki heima á þessum stað.

- Fer eftir því hvort íslenska ríkið hefur hagnað eða erlendi auðhringar.
- Hef trú á að orkan verði seld til útlanda.
- Forsenda að raforkan nýtist á norðausturhorninu.
- Fyrir hverja á að framleiða orkuna? Nýtist hún íbúum á svæðinu?
- Sérkenni Sléttunnar eru langar óskertar sjónlínur.
- Á þessu svæði er verið að markaðssetja kyrrð og ró og óspillta náttúru. Útsýnið er 360°sem ekkert skyggir á. Vindmyllugarður með þessa staðsetningu mun eyðileggja það.
- Vindorkugarðurinn mun hafa áhrif á landslag svæðisins og eins á villt dýralíf. Þannig að áhrifin verða neikvæð á ferðamenn þar.
- Hávaði frá vindmyllum laðar ekki að göngufólk eða hópa, ef það verður þá ekki bannað að fara um nágrennið.
- Spurning um aðra staðsetningu þar sem garðurinn yrði "falinn".
- Velti fyrir mér hvað hamli því að garðurinn væri svo sem 5 km nær línum á kerfinu og þar með fjær þjóðveginum.
- Vindorkugarður er aldrei fallegur en mögulega nauðsynlegur vegna raforkuframleiðslu.

## 5.4 Áhrif vindorkugarðs á ferðaþjónustu, útivist og samfélag

72% aðila í ferðaþjónustu- og útivist sem afstöðu tóku töldu að vindorkugarður á Hólaheiði myndi hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf til skamms tíma, 16% að þau yrðu engin og 12% að þau yrðu neikvæð. Þá töldu 27% að vindorkugarðurinn myndi hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf til frambúðar, 36% að þau yrðu engin og 37% að áhrifin yrðu neikvæð. Tveir þriðju svarenda álitu að vindorkugarðurinn hefði engin áhrif á íbúaþróun á svæðinu og yfir helmingur að hann myndi engin áhrif hafa á fasteignaverð. Um 60% töldu að vindorkugarður á Hólaheiði myndi hafa neikvæð áhrif á landnýtingu og 72-75% að hann myndi hafa neikvæð áhrif á samstöðu íbúanna, ímynd svæðisins, ferðaþjónustu og útivist. Þá álitu 0-10% þeirra sem afstöðu tóku að áhrifin yrðu jákvæð á þessa þætti en 18-30% þau yrðu engin.

**Mynd 5.6 Ætluð áhrif vindorkugarðs á ferðaþjónustu, útivist og samfélag**

Þeir sem afstöðu tóku [22]




Fimm komu með útskýringar/athugasemdir í tengslum við þessa spurningu:

- Sjónmengun.
- Hef áhyggjur vegna fuglalífs og hávaðamengunar.
- Vindmyllugarður á Hólaheiði er eins röng framkvæmd og hugsast getur og nýtist svæðinu ekkert til lengri tíma. Ekki er einu sinni hægt að lofa stöðugu rafmagni á eftir. Það er allt rangt við þetta.
- Þó þeir muni nýta einhverja heimamenn tímabundið þurfa þeir þá ekki fyrir störf sem má sinna í fjarvinnslu. Vegna neikvæðra áhrifa á ferðamenn verða áhrifin einnig neikvæð fyrir heimamenn.
- Samfélagið skiptist með og á móti. Við viljum ekki búa á stóriðjusvæði.

[22] *Einn tók ekki afstöðu til áhrifa vindorkugarðs á atvinnulíf til skamms tíma, íbúaþróun og útivist með því að merkja við „veit ekki“. Tveir ekki til áhrifa á fasteignaverð eða ferðaþjónustu. Þrír ekki til áhrifa á atvinnulíf til frambúðar, landnýtingu og ímynd svæðsins. Fimm tóku síðan ekki afstöðu til áhrifa vindorkugarðsins á samstöðu íbúa.*

## 5.5 Afstaða til fullyrðinga um vindorkugarða

Þátttakendur voru beðnir um að taka afstöðu til hversu sammála, hlutlausir til eða ósammála þeir væru níu fullyrðingum varðandi vindorkugarða.

Af þeim voru 76% sammála því að vindorkugarðar spilltu landslaginu, 9% voru hlutlausir og 15% ósammála. 69% voru sammála því að neikvæð áhrif á fuglalíf ylli þeim áhyggjum, 19% voru hlutlausir og 12% ósammála. Þá voru 66% sammála því að möguleg hljóð frá vindmyllum væri áhyggjuefni, 28% voru hlutlausir og 6% ósammála. 56% voru sammála því vindorkugarðar væru umhverfisvæn leið til að framleiða raforku, 16% voru hlutausir og 28% ósammála. 53% voru sammála því að vindorkugarða væru óaðlaðandi, 19% voru hlutlausir og 28% ósammála. Þá voru 43% því sammála að rétt staðsettir vindorkugarða myndu ekki skaða náttúruna, 21% voru hlutlausir og 36% ósammála. 41% voru sammála því að þeir forðuðust að ferðast svæði þar sem væru vindorkugarðar, 28% voru hlutausir en 31% ósammála. Um 15% voru því sammála að nálægð vindorkugarða hefði engin áhrif á þá, 21% voru hlutlausir og 64% ósammála. Enginn var því sammála því að vindorkugarðar gætu bætt náttúrulegt landslag en 19% voru hlutlausir til þess og 81% ósammála.

**Mynd 5.7** **Afstaða til fullyrðinga um vindorkugarða**



## 5.6 Sjónræn áhrif vindorkugarðs

Um 88% forsvarsmanna í ferðaþjónustu og útivist töldu að vindorkugarður á Hólaheiði myndi hafa mikil sjónræn áhrif á svæðinu umhverfis en 12% álitu að sjónræn áhrif af mannvirkjunum þar yrðu lítil.[23]

**Mynd 5.8 Ætluð sjónræn áhrif vindorkugarðs á Hólaheiði á svæðinu** [24]




Allir sem bjuggu næst fyrirhuguðu framkvæmdasvæði (5-20 km fjarlægð) töldu að sjónræn áhrif af vindorkugarðinum á svæðinu yrðu mikil en 75% þeirra sem fjærst bjuggu (> 35 km).

## 5.7 Áhrif vindorkugarðs á upplifun af nágrenninu

10% forsvarsmanna í ferðaþjónustu og útivist, sem afstöðu tóku, töldu að vindorkugarður á Hólaheiði myndi hafa jákvæð áhrif á upplifun þeirra af nágrenni hans en 77% að áhrifin á upplifun yrðu neikvæð. 13% voru hlutlausir.[25]

**Mynd 5.9 Ætluð áhrif vindorkugarðs á Hólaheiði á upplifun af nágrenninu** [26]




92% þeirra sem voru bjuggu næst fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þ.e. í 5-20 km fjarlægð, töldu að vindorkugarður á Hólaheiði myndi hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra en 63% þeirra sem fjærst voru (yfir 35 km frá).

[23] *Með svæði er átt við allt að 45 km radíus frá Hnotasteini.*

[24] *Einn svarandi (3%) tók ekki afstöðu til spurningarinnar og merkti við „veit ekki".*

[25] *Með nágrenni er átt við allt að 20 km radíus frá Hnotasteini.*

[26] *Þrír svarendur (9%) tóku ekki afstöðu til spurningarinnar og merktu við „veit ekki".*

## 5.8 Áhrif vindorkugarðs á starfsemi í ferðaþjónustu og útivist

6% forsvarsmanna í ferðaþjónustu og útivist töldu að vindorkugarður á Hólaheiði myndi hafa frekar jákvæð áhrif á starfsemi þeirra, 42% að áhrifin yrðu engin og 52% að þau yrðu neikvæð.

**Mynd 5.10 Ætluð áhrif vindorkugarðs á Hólaheiði á starfsemina** [27]




71% þeirra sem bjuggu næst fyrirhuguðu framkvæmdasvæði (5-20 km fjarlægð) töldu að sjónræn áhrif af vindorkugarðinum á svæðinu yrðu neikvæð fyrir þeirra starfsemi en 33-37% þeirra sem fjær voru.

12 af 33 útskýrðu svar sitt. Mörgum er þar ofarlega í huga að framkvæmdirnar muni verða í andstöðu við ímynd og markaðssetningu svæðisins sem ósnortinnar víðáttu og kyrrðar.

- Okkar sérkenni er að vera á hjara veraldar þar sem náttúran er óspillt. Það er ekki aftur tekið ef framkvæmt er.
- Ímynd svæðisins sem víðerni, kyrrð og friður verður að engu. Gestir myndu undrast náttúruspjöll og stóriðju.
- Hefur áhrif á þá upplifun sem við viljum bjóða.
- Svæðið hefur verið að byggjast upp sem eftirsóttur áfangastaður vegna norðurljósa. víðáttunnar, hrárrar náttúru á nyrstu slóðum, fámennis og "slow travel" ferðamáta.
- Vindorkugarðurinn er líklegur til að hafa neikvæð áhrif á ímynd svæðisins sem þjóðgarðurinn (Vatnajökulsþjóðgarður) tilheyrir, sér í lagi þeirra sem heimsækja hann frá Tjörnesi.
- Öll starfsemi í ferðamennsku á svæðinu byggist á ósnortnu landslagi. Vindmyllur á þessum stað eyðileggja þá ímynd.
- Við markaðssetjum okkur fyrir villta náttúru, ósnortið land, kyrrð og ró.
- Svæðið er ósnortin víðátta sem er mikilvæg og eftirsóknarverð sem slík.
- Ósnortin náttúra er aðal aðdráttarafl ferðamanna okkar. Ósnortin náttúra er hverfandi framtíðarauðlind og í henni felst verðgildið.
- Neikvæð áhrif á umhverfi og upplifun göngufólks ásamt neikvæðum áhrifum á fuglalíf.
- Vindorkugarðurinn mun hafa neikvæð áhrif á fuglalíf þrátt fyrir mögulegar mótvægisaðgerðir.
- Tel þetta fæla ferðamenn frá svæðinu.

[27] *Tveir svarendur (6%) tóku ekki afstöðu til spurningarinnar og merktu við „veit ekki".*

## 5.9 Áhrif vindorkugarðs á ferðir um svæðið

3% forsvarsmanna í ferðaþjónustu og útivist töldu að þeir myndu fara frekar um svæðið ef vindorkugarður á Hólaheiði kæmi, 72% að hann myndi engin áhrif hafa á ferðir þeirra, 22% að þeir færu síður um svæðið og 3% að þeir myndu hætta að fara þar um.[28]

**Mynd 5.11 Ætluð áhrif vindorkugarðs á Hólaheiði á ferðir um svæðið** [29]




29% þeirra sem bjuggu næst fyrirhuguðu framkvæmdasvæði (5-20 km fjarlægð) töldu að þeir færu síður um svæðið ef vindiorkugarðurinn yrði að veruleika en 20-25% þeirra sem fjær bjuggu.

## 5.10 Afstaða til vindorkugarðs á Hólaheiði

21% forsvarsmanna í ferðaþjónustu og útivist í könnuninni voru fylgjandi vindorkugarði á Hólaheiði, 12% hlutlausir og 67% andvígir honum.

**Mynd 5.12 Afstaða til vindorkugarðs á Hólaheiði**




87% þeirra sem bjuggu næst fyrirhuguðu framkvæmdasvæði (5-20 km fjarlægð) voru andvígir vindorkugarðinum, 7% hlutlausir og 7% fylgjandi. 60% þeirra sem bjuggu í 21-35 km fjarlægð voru andvígir garðinum, 10% hlutlausir og 30% fylgjandi. Meðal þeirra sem bjuggu í yfir 35 km fjarlægð voru 37% fylgjandi vindorkugarði á Hólaheiði, 26% hlutlausir og 37% andvígir.

10 af 33 útskýrðu afstöðu sína sem hér greinir, allir utan einn andvígir vindorkugarðinum:

- Óttast áhrif á fuglalíf og deilur meðal heimamanna.
- Um er að ræða einstakt svæði með einstöku fuglalífi og útivistarmöguleikum.

[28] *Með svæði er átt við allt að 45 km radíus frá Hnotasteini.*

[29] *Einn svarandi (3%) tók ekki afstöðu til spurningarinnar og merkti við „veit ekki".*

- Umhverfi Melrakkasléttu er einstaka á landsvísu og fágætt á heimsvísu og ætti því að njóta verndar.  Vindmyllugarður eyðileggur það.
- Erlendir risafjárfestar flytja gróðann úr landi. Atvinna á svæðinu verður lítil sem engin og íbúar njóta ekki neins ávaxtar. Liður í einkavæðingu íslenskrar orku.
- Skemmir upplifun göngufólks og útivistarhópa.
- Þarf að athuga með aðra staðsetningu.
- Tel að vindorkugarður eigi að vera langt frá þéttbýli, s.s. inn á hálendi
- Tel að vindorkugarða eigi að staðsetja þar sem þegar er rask á náttúru.
- Auknir atvinnumöguleikar.
- Líst illa á. Þekki mjög vel til og er uppalin innan áhrifasvæðisins.

## 5.11 Svæði á Íslandi sem henta best fyrir vindorkugarða

Í könnuninni var leitast við að fá fram viðhorf ferðaþjónustu- og útivistaraðila til þess hvaða svæði á Íslandi þeim fannst henta best til að setja niður vindorkugarða. Voru nefnd 14 svæði og auk þess var hægt að merkja við „ekkert af þessu". Var fólk beðið um að merkja við allt sem þótti henta.  Niðurstaðan er sú að enginn merkti við tvö þessara svæða, þ.e. *Við veg* og *Þjóðgarðar/ svæði náttúrufegurðar*.

Flestir töldu að vindorkugarðar ættu helst heima fjarri mannabyggð (58%), fjarri fuglalífi (52%) eða fjarri ferðamannastöðum (49%). Allmargir töldu þá best staðsetta úti á sjó (36%), á iðnaðar-svæðum (30%) eða í fjalllendi (27%). Fremur fáir töldu þá eiga heima í óbyggðum (18%), í dreifbýli (15%) eða á strandsvæðum (12%) og fáir töldu þá passa í þéttbýli (9%), á láglendi (6%) eða á ræktuðu landi (6%).

**Mynd 5.13 Svæði á Íslandi sem henta best fyrir vindorkugarða**



## 5.12 Afstaða til landslags í nágrenni framkvæmdasvæðis

Í könnuninni var spurt hvernig forsvarsmenn í ferðaþjónustu og útivist upplifðu landslagið á Hólaheiði og nágrenni.[30] Nefndar voru sex andstæður varðandi landslagið/umhverfið sem átti að taka afstöðu til og voru þær sem hér segir:

hávært ⟷ kyrrt
manngert ⟷ náttúrulegt
ljótt ⟷ fallegt
óaðgengilegt ⟷ aðgengilegt
gróðursnautt ⟷ gróðurríkt
fábreytt ⟷ fjölbreytt.

90% töldu svæðið vera kyrrt, 88% álitu það náttúrulegt, 85% þótti það fallegt, 78% álitu það aðgengilegt, 61% fannst það gróðurríkt og 53% töldu það fjölbreytt. Hins vegar þótti 15% það vera fábreytt og 18% að það væri gróðursnautt. Á bilinu 10-31% voru hlutlausir, flestir til þess hvort landslagið væri frábreytt eða fjölbreytt en fæstir til þess hvort það væri hávært eða kyrrt.

**Mynd 5.14** **Afstaða til landslags í nágrenni fyrirhugaðs vindorkugarðs**




## 5.13 Afstaða til nýtingar orkugjafa á Íslandi

Spurt var um afstöðu svarenda til orkugjafa sem nýttir eru á Íslandi eða sem áform eru um að nýta: vatnsafls, jarðvarmaorku, vindorku, líforku og olíu. Nær allir, eða 97%, töldu jávætt að nýta jarðvarmaorku á Íslandi, 81% voru jákvæðir til nýtingar vatnsorku, 65% jákvæðir til líforku og 63% til vindorku. 11% voru jákvæðir til notkunar olíu og 75% neikvæðir. Þá voru 30% neikvæðir til nýtingar vindorku, 16% gagnvart vatnsafli og 12% neikvæðir til nýtingar líforku. Einungis 3% voru hlutlausir til jarðvarmaorku og vatnsafls, 7% til vindorku en 14% til olíu og 23% til líforku.

**Mynd 5.15** **Afstaða til nýtingar orkugjafa á Íslandi**




[30] *Með nágrenni er átt við allt að 20 km radíus frá Hnotasteini.*



*Skinnastaðakirkja í í Kelduhverfi.*

## 5.14 Ábendingar varðandi vindorkugarð á Hólaheiði

12 af 33 svarendum komu með athugasemdir eða ábendingar varðandi vindorkugarð á Hólaheiði sem boðið að upp á í lok könnunar. Þær voru sem þessar:

- Ég tel að vindorkugarður á Hólaheiði muni ekki verða til hagsbóta fyrir íbúa í nágrenninu. Þvert á móti mun hann hafa neikvæð áhrif á auðlindir svæðisins, þ.e náttúruna.
- Að klessa þessu niður rétt við þjóðveg bendir til fáráelgrar heimsku og takmarkaðs vits í höfðum viðkomandi. Hef mikið meira að segja en þakka fyrir að fá að tjá mig.
- Of nálægt alfaraleið. Sést t.d. of vel frá Heimskautsgerðinu.
- Við viljum bjóða ferðamönnum upp á að upplifa víðáttu og ró og fallegt og fjölbreytt fuglalíf.
- Það á að setja svona garð nálægt stöðum þar sem aukinnar raforku er þörf. Við þurfum ekki viðbótarrafmagn hér.
- Áætlaður garður er mjög óvelkominn. Vindorkugarðar eiga ekki heima á Íslandi.
- Mjög slæm hugmynd sem klýfur brothætt samfélag. Miklir hagsmunir fyrir landeigendur.
- Finnið garðinum annan stað; Hellisheiði, Miðnesheiði eða þar sem er starfsemi er fyrir sem nú þegar hefur verið spill með hljóðmengun eða sjónmengun á útsýni/landslag. Leyfið þeirri paradís sem Melrakkasléttan er að vera í friði.
- Það má ekki gleyma að huga að mannlegum þáttum. Vindorkugarður á Hólaheiði mun sundra samfélaginu sem þegar er veikbyggt. Er það þess virði. Svar: NEI.
- Tel að Hólaheiði sé ekki réttur staður fyrir vindorkugarð. Of stór framkvæmd og of nálægt byggð.
- Mun hafa hestaferðirnar óbreyttar í fyrstu og sjá hvað gestunum finnst.
- Nauðsynlegt að kynna vel og hafa íbúakosningu um málið

# 6.0 Könnun meðal ferðamanna sumar 2022

Vettvangskönnun meðal erlenda og innlendra ferðamanna á svæðinu var framkvæmd af tveimur starfsmönnum RRF dagana 21.-24. júlí en einnig nokkuð 30.-31 ágúst. Niðurstaðan er sú að 209 svör fengust, þar af 125 meðal erlendra ferðamanna og 84 meðal innlendra ferðamanna. Þar af fengust 127 svör í Ásbyrgi (61%), 54 á Raufarhöfn (26%) og 27 á Kópaskeri (13%).

## 6.1 Kyn, aldurshópar, menntun og búseta

Karlar voru 57% svarenda og konur 43%, bæði meðal erlendra og innlendra þátttakenda (einn erlendu svarendanna merkti þar við 'other'). Erlendir ferðamenn voru flestir í aldurshópnum 18-35 ára (39%). Íslendingar voru hins vegar fjölmennastir í aldurshópunum yfir 55 ára (36%). Meðalaldur erlendra gesta í könnuninni var 42 ár en 47 ár meðal Íslendinga. Þá voru erlendu gestirnir að jafnaði með umtalsvert lengri skólagöngu að baki en Íslendingar. Þannig voru 45% þeirra með yfir 8 ára skólagöngu eftir grunnskóla en 24% innlendra ferðamanna.

**Mynd 6.1** **Kyn, aldur og menntun eftir grunnskóla**




31% erlendu ferðamannanna sem tóku þátt í könnuninni sumarið 2022 voru frá Mið-Evrópu, 30% frá Suður-Evrópu og 18% frá Norður-Ameríku. Mun færri voru frá Bretlandi (9%), Norðurlöndunum (5%), Benelux löndunum (3%) eða annars staðar frá (4%). Af einstökum löndum voru flestir frá Þýskalandi (19%), Frakklandi (14%), Hollandi (10%) og Bandaríkjunum (9%).

**Mynd 6.2** **Búseta erlendra gesta eftir markaðssvæðum**




Um 51% Íslendinga í könnuninni voru búsettir á Norðurlandi (þrír af fjórum á Akureyri),[31] 40% á suðvesturhorninu (höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum) og 9% annars staðar á landsbyggðinni.

## 6.2 Föruneyti, ferðamáti og farartæki

Erlendu þátttakendurnir voru mest með maka/ ættingjum í för en síðan með börn í föruneytinu. Íslendingar voru mest með börn í föruneyti en síðan með maka/ættingjum. Föruneyti með vinum kom í þriðja sæti hjá báðum hópum.

77% erlendra gesta í könnuninni og 96% Íslendinga voru í ferð á eigin vegum. 20% erlendu gestanna og 1% Íslendinga voru í ferð sem var að hluta skipulögð af öðrum, þ.e. "self drive" ferð, en 3% beggja hópa voru í skipulagðri hópferð. Um 71% erlendu gestanna voru á bílaleigubíl en 88% Íslendinga á eigin bíl. Um 17% erlendra gesta voru á eigin bíl (Norrænufarþegar).

**Mynd 6.3** **Föruneyti , ferðamáti og farartæki**




---

[31] *Fjórir innlendu svarendanna voru búsettir á áhrifasvæði vindorkugarðs á Hólaheiði (innan 45 km radíuss), tveir á Húsavík og tveir í nágrenni Melrakkasléttu.*

## 6.3 Dvöl á Íslandi og á svæðinu

Erlendu þátttakendurnir í könnuninni dvöldu að jafnaði 15 nætur á Íslandi; minnst í 6 nætur en mest í 60. Um 84% þeirra gistu að jafnaði tvær nætur á svæðinu frá Húsavík að Langanesi en 16% voru dagsgestir og dvöldu á svæðinu að jafnaði í 8 klukkustundir.

**Mynd 6.4** **Flokkuð dvalarlengd erlendra gesta á Íslandi**




87% Íslendinga í könnuninni gistu að jafnaði 2,8 nætur á svæðinu en 13% voru dagsgestir og völdu þar að jafnaði í 7 klukkustundir.

## 6.4 Staðir sem heimsóttir voru

Í vettvangskönnuninni meðal innlendra og erlendra gesta sumarið 2022 var sýnt meðfylgjandi kort með 19 stöðum merktum inn. Var fólk beðið að merkja við þá staði sem það hafði heimsótt í ferðinni eða sem það áformaði að heimsækja það sem eftir var ferðar. Var þetta gert til að átta sig á ferðamynstri gesta á svæðinu.




**Kort 6.1** *Kort í gestakönnun sumarið 2022.*

Erlendir ferðamenn komu áberandi helst í Ásbyrgi, að Dettifossi og á Húsavík. Innlendir ferðamenn komu einnig langhelst í Ásbyrgi og á Húsavík en mun síður að Dettifossi. Um 44% erlendra ferðamanna og 38% innlendra fóru um Hólaheiði. Erlendir ferðamenn komu frekar að Raufarhöfn og Heimskautsgerðinu en landsmenn frekar á Kópasker og í sundlaugina að Lundi. Hóparnir komu í svipuðu hlutfalli á Þórshöfn.

**Mynd 6.5 Staðir á svæðinu sem svarendur höfðu heimsótt í ferðinni eða áformuðu að gera**




Þá höfðu 48% erlendra ferðamanna og 46% innlendra ferðamanna í könnuninni farið um svæðið í nágrenni fyrirhugaðs vindorkugarðs á Hólaheiði. Höfðu heimsótt Kópasker eða nágrenni, farið veginn yfir Hólaheiði og Hófaskarð til Þistilfjarðar eða um Sléttuveg (frá Kópaskeri til Raufarhafnar).

Rúmlega helmingur svarenda hafið því ekki farið um þetta svæði. Var þar um að ræða um 85% svarenda í Ásbyrgi.

Hér á eftir verður í nokkrum tilvikum skoðað hvort munur var á afstöðu þessara tveggja hópa til þátta er snúa að vindorkugarðinum; annars vegar þeirra sem fóru um nágrenni Hólaheiðar og hins vegar þeirra sem ekki fóru lengra en að Ásbyrgi.

## 6.5 Afþreying

Ferðamennirnir voru spurðir um afþreyingu sem þeir höfðu stundað á svæðinu (sem kort 6.1 nær yfir) eða ætluðu að stunda, alls 11 þætti. Niðurstaðan er sú að erlendir ferðamenn voru mun virkari en Íslendingar og stunduðu að jafnaði 3,5 af þeim afþreyingarþáttum sem spurt var um en Íslendingar 2,1 þeirra.

Flestir erlendu gestanna merktu við að þeir hefðu farið í styttri gönguferðir, í minna en einn dag (75%) eða stundað ljósmyndun (63%). Næst höfðu þeir farið í hvalaskoðun (46%), skoðað jarðmyndanir (42%) eða fugla (40%), farið í sund/böð (38%) eða í fjöruferð (26%). Þeir fóru einnig frekar en landsmenn í hestaferð (8%). Íslendingar fóru helst í styttri gönguferðir (70%), í sund/böð (55%) eða stunduðu myndatöku (24%). Þeir fóru fremur í stangveiði (7%) en erlendu gestirnir (2%).

**Mynd 6.6** **Afþreying á svæðinu sem kortið spannar**




Meðallengd styttri gönguferða var um 4 klst hjá erlendu gestunum en 2 klst meðal innlendra ferðamanna.

Annað nefnt: Hlaup (x4), hjólaferð (x3), Hvalasafnið (x4), jeppaferð (x2), Mærudagar (x3).

## 6.6 Afstaða til fullyrðinga um vindorkugarða

Eins og í könnuninni meðal forsvarsmanna í ferðaþjónustu og útivist á svæðinu voru ferðamenn beðnir um að taka afstöðu til hversu sammála, hlutlausir til eða ósammála þeir væru níu fullyrðingum varðandi vindorkugarða.

Allgott samræmi var í afstöðu erlendra og innlendra ferðamanna til fullyrðinganna. Þannig voru 88% erlendra ferðamanna og 77% innlendra sammála því að vindorkugarðar væru umhverfisvæn leið til að framleiða raforku, 6% erlendra gesta og 15% innlendra voru hlutlausir og 6-8%

ósammála. Þá voru 60-65% sammála því að rétt staðsettir vindorkugarða myndu ekki skaða náttúruna, 17-18% voru hlutlausir og 17-23% ósammála. Um 50% erlendra gesta og 39% innlendra voru sammála því að möguleg áhrif á fuglalíf ylli þeim áhyggjum, 26% erlendra og 42% innlendra voru hlutlausir og 19-24% ósammála. Þá voru 46-48% sammála því að nálægð vindorkugarða hefði engin áhrif á þá, 24-29% voru hlutlausir og 23-30% ósammála. Nær jöfn dreifing var á þeim sem voru sammála, hlutlausir eða ósammála því að vindorkugarðar væru óaðlaðandi. Hins vegar voru heldur færri sammála því en ósammála að vindorkugarðar spilltu landslaginu og 24-25% voru hlutlausir til þess. Þá voru 27-33% sammála því að möguleg hljóð frá vindorkugörðum væri áhyggjuefni, 30-38% voru hlutlausir og 35-38% ósammála. 6% erlendra ferðamanna og 15% innlendra voru sammála því að vindorkugarðar gætu bætt náttúrulegt landslag, 31-33% voru hlutlausir og 63% erlendra gesta og 52% innlendra voru því ósammála. 9-11% voru sammála því að þeir forðuðust að ferðast um svæði þar sem eru vindorkugarðar, 26-29% voru hlutlausir og 62-63% ósammála.

**Mynd 6.7** **Afstaða til fullyrðinga um vindorkugarða**



## 6.7 Sjónræn áhrif vindorkugarðs

58%, jafnt erlendra og innlendra ferðamanna, töldu að sjónræn áhrif af vindorkugarði á Hólaheiði yrðu mikil á svæðinu (allt að 45 km radíus), 34-37% að þau yrðu lítil og 5-9% að þau yrðu engin.

**Mynd 6.8 Ætluð sjónræn áhrif vindorkugarðs á Hólaheiði á svæðinu** [32]




62% þeirra sem fóru um nágrenni Hólaheiðar töldu að sjónræn áhrif af vindorkugarðinum yrðu mikil en 54% þeirra sem fóru ekki nær en í Ásbyrgi.

## 6.8 Áhrif vindorkugarðs á upplifun af nágrenninu



*Fuglaskoðunarhús við Höskuldarnes á Melrakkasléttu.*

Um 47% erlendra gesta og 52% innlendra ferðamanna sem afstöðu tóku töldu að vindorkugarður á Hólaheiði myndi ekki hafa nein áhrif á upplifun þeirra af nágrenninu. Þá töldu 36% erlendra gesta og 27% innlendra að áhrifin á upplifun þeirra yrði neikvæð en 17% erlendra ferðamanna og 21% innlendra ferðamanna að þau yrðu jákvæð.

**Mynd 6.9 Ætluð áhrif af vindorkugarði á Hólaheiði á upplifun af nágrenninu** [33]




50% þeirra sem fóru um nágrenni Hólaheiðar álitu að sjónræn áhrif af vindorkugarðinum á upplifun þeirra yrðu engin , 35% að þau yrðu neikvæð em 15% að þau yrðu jákvæð.

---

[32] *2% bæði erlendra ferðamanna og Íslendinga tóku ekki afstöðu og merktu við „veit ekki“.*

[33] *4% erlendra gesta og 6% Íslendinga tóku ekki afstöðu og merktu við „veit ekki“.*

## 6.9 Áhrif vindorkugarðs á ferðir um svæðið

17% erlendra ferðamanna og 3% innlendra ferðamanna töldu að þeir myndu síður fara um svæðið ef vindorkugarður á Hólaheiði yrði að veruleika, en 6% erlendra gesta og 7% innlendra að þeir myndu frekar koma. 77% erlendra ferðamanna og 90% innlendra álitu að vindorkugarðurinn myndi engin áhrif hafa á komur þeirra á svæðið.

**Mynd 6.10 Ætluð áhrif vindorkugarðs á Hólaheiði á ferðir um svæðið** [34]




Enginn af þeim erlendu ferðamönnum sem fóru um nágrenni Hólaheiðar töldu að þeir myndu frekar fara um svæðið ef vindmyllugarðurinn kæmi og um 18% að þeir kæmu síður eða ekki.

## 6.10 Reynsla erlendra ferðamanna af nábýli við vindmyllur

Um 23% erlendra þátttakenda í könnuninni (29 svarendur) bjuggu, eða höfðu búið, 20 km eða skemur frá vindmyllum en 77% ekki.

7% þeirra sem höfðu búið nálægt vindmyllum sögðu þá reynslu mjög jákvæða, 56% fremur jákvæða, 34% fremur neikvæða en 3% mjög neikvæða.

**Mynd 6.11** **Reynsla af nábýli við vindmyllur**




Ellefu svarendur höfðu búið í innan við 6 km fjarlægð frá vindmyllum, níu í 6-10 km fjarlægt og níu í 11-20 km fjarlægð. Sex þeirra sem voru eða höfðu verið næst vindmyllum (innan við 6 km) töldu reynsluna af því neikvæða (55%), þrír þeirra sem voru í 6-10 km fjarlægt (33%) en tveir þeirra sem voru í 11-20 km fjarlægt (22%). Mikill meirihluti þeirra sem bjó í 6 km fjarlægð eða meira taldi því reynsluna af nábýli við vindmyllur vera jákvæða.

[34] *3% erlendra gesta og 6% Íslendinga tóku ekki afstöðu til spurningarinnar og merktu við „veit ekki“.*

## 6.11 Svæði á Íslandi sem henta best fyrir vindorkugarða

Í könnuninni meðal ferðamanna var leitast við að fá fram viðhorf þeirra til þess hvaða svæði á Íslandi þeim fannst henta best til að setja niður vindorkugarða. Voru nefnd 14 svæði og auk þess var hægt að merkja við „ekkert af þessu“. Var fólk beðið um að merkja við allt sem þeim þótti henta. Niðurstaðan er sú að enginn merkti við eitt þessara svæða, þ.e. *Þjóðgarðar/svæði náttúrufegurðar*. Erlendir ferðamenn merktu að jafnaði við 3,9 svæði sem þeir töldu henta vel en innlendir ferðamenn við 3,3 svæði.

Umtalsverður munur var hér á afstöðu erlenda og innlendra ferðamanna. Þannig töldu hlutfallslega flestir erlendir ferðamenn æskilegt að vindorkugarðar á Íslandi væru staðsettir á iðnaðarsvæðum (53%), á svæðum fjarri fuglalífi (52%), úti á sjó (45%), fjarri mannabyggð (38%), fjarri ferðamannastöðum (36%) eða á strandsvæðum (35%). Þó nokkrir töldu þá passa í dreifbýli (28%), í fjalllendi (24%) eða á ræktuðu landi (22%). Fremur fáir töldu þá eiga að vera við vegi (19%), á láglendi (17%) eða í þéttbýl (11%) og fáir töldu þá henta í óbyggðum Íslands (5%).

Innlendir ferðamenn töldu æskilegast að vindorkugarðar hérlendis yrðu fjarri mannabyggð (51%), úti á sjó (49%), á svæðum fjarri fuglalífi (41%), í fjalllendi (38%), í óbyggðum (38%) eða fjarri ferðamannastöðum (36%). Þó nokkrir töldu þá eiga best heima á strandsvæðum (23%) eða í dreifbýli (28%). Fremur fáir álitu að vindorkugarðar ættu að vera á iðnaðarsvæðum (13%) eða á ræktuðu landi (11%) og fáir töldu þá eiga heima á láglendi (5%), við vegi (4%) eða í þéttbýli (1%).

**Mynd 6.12** **Svæði á Íslandi sem henta best fyrir vindorkugarða**



Sé horft á niðurstöðurnar í heild álitu flestir að staðsetning vindorkugarðar á Íslandi ætti helst að vera úti á sjó, á svæðum fjarri fuglalífi eða fjarri mannabyggð en síst í þjóðgörðum/á svæðum náttúrufegurðar eða í þéttbýli.

## 6.12 Afstaða til landslags í nágrenni framkvæmdasvæðis

Eins og könnuninni meðal forsvarsmanna í ferðaþjónustu og útivist voru ferðamennirnir sumarið 2022 spurðir hvernig þeir upplifðu landslagið á Hólaheiði og nágrenni.[35] Þeir einir svöruðu sem höfðu komið á það svæði, þ.e. 48% erlendra ferðamanna og 46% innlendra. Nefndar voru sex andstæður varðandi landslagið/umhverfið sem átti að taka afstöðu til og voru þær sem hér segir:

| | |
|---|---|
| hávært ◄► kyrrt | óaðgengilegt ◄► aðgengilegt |
| manngert ◄► náttúrulegt | gróðursnautt ◄► gróðurríkt |
| ljótt ◄► fallegt | fábreytt ◄► fjölbreytt. |

